

ÚLFUR ÁRNASON

Neitar að borða puls og drekkur ekki gos

heilsa nám

allt í MIÐJU BLAÐSINS



LH HESTAR

Landsmót afkvæmahesta

Sérblað frá Landssambandi hestamannafélaga

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÖLVÍNA KONRÁÐS

Viðbrögð Bjarkar skiljanleg

Sökuð um að ráðast á ljósmyndara

FÓLK 30



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

15. janúar 2008 – 14. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Fræðandi ferðalag um tímann

Amtsbókasafnið á Akureyri er 180 ára.

TÍMAMÓT 18



Sonurinn heitir Illugi Gunnarsson

Sonur Katrínar Jakobsdóttur og Gunnars Sigvaldasonar er alnafni þingmannsins Illuga Gunnarssonar.

FÓLK 30



Hver er stefnan?

Sigmar B. Hauksson er ekki bjartsýnn á framtíð Framsóknarflokksins ef Guðni Ágústsson er sammála Bjarna Harðarsyni.

UMRÆÐAN 16

Strákarnir á réttri leið

Íslenska handboltandsliðið vann góðan fimm marka sigur á Tékkum í loka-leiknum fyrir EM í Noregi.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA EÐA ÉL Í dag verða norðaustan 10-15 m/s á Vestfjörðum, annars hægari vindur. Snjócoma eða él víða um land. Hiti við frostmark með ströndum sunnan og vestan til, annars frost 1-8 stig, kaldast til landsins.

VEDUR 4

Stjórnarflokkarnir ná saman um varnir

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa náð saman um frumvarp til laga um varnarmál. Verkefni tengd NATO og ratsjáreftirliti heyrar undir Varnarmálastofnun.

ALÞINGI Frumvarp til laga um varnarmál hefur verið samþykkt af ríkisstjórn og þingflokki Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokks. Markmið þeirra eru öðru fremur að afmarka valdheimildir stjórnvalda sem varða varnarmál, greina á milli varnartengdra og borgaralegra verkefna sem við koma öryggisgæslu og innra öryggi ríkisins og auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi.

Mælt verður fyrir frumvarpinu á fimmtudaginn að sögn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra. Hún segir fulla sátt innan ríkisstjórnarinnar um lögin. Heildarkostnaður vegna Varnarmálastofnunar, sem verður með höfuðstöðvar

á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, er áætlaður um 1,3 milljarðar á ári.

Samkvæmt efnisatriðum frumvarpsins mun íslenska ríkið starfrækja Varnarmálastofnun, undir yfirstjórn utanríkisráðherra, sem sér meðal annars um rekstur íslenska loftvarnakerfisins, það er fjarskiptastöðva og ratsjástöðva Atlantshafsbandalagsins, hételendis. „Haldið verður utan um allt sem tengist veru okkar í NATO með sér-tækum hætti í Varnarmálastofnunni, þannig að hún tengist ekki almennavörnum eða löggæslu með neinum hætti. Ég hef þá sýn að ráðuneyti eigi að vera stefnumarkandi og þess vegna tel ég verkefni-

unum er tengjast heræfingum og varnarmálum almennt betur fyrir komið hjá Varnarmálastofnun,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist ekki að öllu leyti sammála efnisatriðum frumvarpsins en á því sé þó hægt að byggja. „Ég hef haft efasemdir um rekstur ratsjáreftirlitsins og einnig umsjón með heræfingunum nokkrum sinnum ári. Þetta tel ég tiltölulega tilgangslaust innan sérstakrar stofnunar. En það á eftir að koma reynsla á þessi mál og ef það kemur í ljós að skynsamlegra sé að haga málum með öðrum hætti verður hægt að gera breytingar á lögunum.“

Sigurður Líndal átelur ráðherra: Ofstækisöfl í forystu flokksins

SKOÐUN Sigurður Líndal laga- prófessor gagnrýnir Árna Mathiesen, settan dómsmálaráðherra, harðlega fyrir að skipa Þorstein Davíðsson í embætti héraðsdómara, í grein í Fréttablaðinu í dag.

„Þegar gengið er jafn gróflaga í berhögg við álit nefndarinnar og naumast liggur annað fyrir frá settum dómsmálaráðherra en orðafar sem hæfir götustrákum er eðlilegt að menn leiti skýringa á háttsemi ráðherrans jafnt sennilegum sem ósennilegum,“ skrifar hann meðal annars.

Sigurður segir að innan Sjálfstæðisflokksins megi finna „ofsatrúarhópa“ þar sem „valdboðið eitt er haft að leiðarljósi...“. Hann bætir við: „Ég hélt reyndar að þessi ofstækisöfl hefðu ekki náð til forystu flokksins í Valhöll en hér hefur mér skjátlazt.“



SIGURÐUR LÍNDAL

- bs/ sjá síðu 16.

Íslendingurinn í CSI: Miami: Meðal bestu í Hollywood

FÓLK Kvikmyndatökumaðurinn og leikstjórinn Egill Örn Egilsson hefur verið tilnefndur til æðstu verðlauna kvikmyndatökumanna í Bandaríkjunum. Egill Örn er kvikmyndatökumaður í sjónvarpsþáttunum CSI: Miami, sem notið hafa mikill vinsælda vestan hafs sem og hér á landi.

Þetta er annað árið í röð sem Egill hlýtur þessa tilnefningu og hann var að vonum glaður þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Í huga kvikmyndatökumanna eru þetta stærri og virtari verðlaun en Óskarinn sjálfur eða Emmy.“ Egill er líkt og aðrir í sjónvarpsíðnaðinum í verkfallsfrí en verkfall handritshöfundna hefur sett alla framleiðslu úr skorðum í Bandaríkjunum.

- fgg/sjá síðu 30



VEL GERT PABBI Strákarnir okkar fara með sigurbros á vör til Noregi í dag eftir frækilegan sigur á Tékkum í gær. En þó þetta séu strákarnir okkar eiga systurnar Helga Soffía og Stefánía þóra meira í þeim en flestir aðrir. Helga Soffía hlær hér Ólafi Stefánsyni föður sínum fyrir vasklega framgöngu meðan lítill stúfur leggur Sigfúsi Sigurðssyni línurnar fyrir næsta leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslensk ensímblanda drepur fuglaflensuveiruna í 99 prósentum tilvika:

Þorskensím drepur fuglaflensu


HUGVIT Efnablanda unnin úr þorskinnýflum drepur fuglaflensuveiru af HSN1-stofni. Ensímblanda sem íslenska fyrirtækið Ensím-tækni ehf. þróaði var notuð við tilraun hjá veirurannsóknastofu í London, sem bar þennan athyglisverða árangur. Kom í ljós að efnablandan drap fuglaflensuveiruna í 99 prósent tilvika án þess að skaða heilbrigðar frumur.

Jón Bragi Bjarnason, prófessor við Háskóla Íslands og forstjóri Ensím-tækni, segir hafa komið í ljós að ensímið dræpi fuglaflensuveiruna á innan við fimm mínútum. „Það sem er síðan mikilvægt er að blandan drepur ekki frumur manna eins og margt af því sem er notað til að drepa veirur, og efnið er það skilvirkt að það telst sótthreins-

andi. Það eru meiri kröfur en gerðar eru til lyfja í þessu samhengi.“

Jón Bragi segir að komið hafi í ljós að ensímblandan dræpi einnig influensuveirur. „Þetta gæti því verið gagnlegt í vopnabúrinu til að berjast gegn þeim, sérstaklega þeim nýju sem litlar varnir hafa verið þróaðar gegn.“

- shá



35.695 ÍSLENDINGAR FENGU VINNING Í FYRRA!
– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

ERTU Á LEIÐINI Í AFMÆLI?



GOTT FÓLK

VERTU VISS UM AÐ KOMAST ALLA LEIÐ MEÐ VEGAVERNÐ SJÓVÁ

Í samvinnu við FÍB býður Sjóvá nú viðskiptavinum í Stofni ókeypis vegaðstöð, fyrst allra tryggingafélaga á Íslandi.

Hefti bíllinn fór þína með bilunum, sprungnu dekki, bensín- eða straumleysi geturðu hringt í 440 2222 og fengið aðstoð umsvifalaust.

Vegavernd Sjóvá er fyrir viðskiptavini í Stofni og er bundin við höfuðborgarsvæðið, Reykjanesbæ, Selfoss og Akureyri.

SJÓVÁ | KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | SJOVA.IS | SJOVA@SJOVA.IS

SJÓVÁ

STOFN

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR

Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum



Toyota Avensis EXE
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.04 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. DZ-652



Toyota Avensis Sol
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.180.000 kr. Skr.nr. RF-263



Toyota Land Cruiser 100
Navigation sóllúga, DVD, dráttarbeisli o.fl.
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 65.000 km
Verð: 6.690.000 kr. Skr.nr. TN-532



Toyota RAV4 GX
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 44.000 km
Verð: 2.730.000 kr. Skr.nr. DI-614



Toyota RAV4
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.04 Ekinn: 33.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. UJ-960



Toyota Yaris T Sport Luna
1500 Bensín 5 gíra
Á götuna: 04.05 Ekinn: 41.000 km
Verð: 1.570.000 kr. Skr.nr. SM-373



Toyota Corolla W/G
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 11.06 Ekinn: 12.000 km
Verð: 1.820.000 kr. Skr.nr. NT-928



Toyota Corolla
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 19.000 km
Verð: 1.620.000 kr. Skr.nr. DK-084



Toyota Yaris
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.270.000 kr. Skr.nr. VF-306



Toyota Aygo
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 11.06 Ekinn: 27.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Skr.nr. DK-519



Toyota Corolla
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.06 Ekinn: 49.000 km
Verð: 1.450.000 kr. Skr.nr. VM-709



Toyota Yaris
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 44.000 km
Verð: 1.330.000 kr. Skr.nr. PN-683

BNB-sölugreining

Bílamir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

KJÖRKASSINN



Ná strákarnir okkar verðlauna-sæti á Evrópumótinu í handknattleik?

Já	47,6%
Nei	52,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Léstu sprauta þig við hinni árlegu influensu?

Segðu skoðun þína á visir.is



Báðir spennar Sultartangavirkjunar bilaðir og virkjunin framleiðir ekki rafmagn:

Ástæður bilunar ókunnar

ORKUMÁL Báðir spennar Sultartangavirkjunar biluðu í lok árs 2006 og ekkert rafmagn er þess vegna framleitt í virkjuninni. Ástæður bilunarinnar eru ókunnar en framleiðendur búnaðarins sem og hönnuðir munu koma til landsins vegna bilunarinnar. Talið er raunhæft að gera við annan spenninn fyrir lok febrúarmánaðar og virkjunin nái að framleiða rafmagn á hálfum afköstum fram í apríl. Þá er talið að viðgerðum ljúki.

Þorsteinn Hilmarrsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að skýringar fyrir biluninni geti verið af þrennum toga. „Þetta



SULTARTANGAVIRKJUN Framkvæmdir hófust 1997, fyrri vél var ræst 1999 og stöðin var komin í fullan rekstur árið 2000.

getur verið framleiðslugalli eða hönnunargalli á því hvernig virkjunin tengist inn í raforkukerfið.

Einnig getur eitthvað hafa valdið þessu, til dæmis eldingar svo eitthvað sé nefnt.“

Virkjunin framleiðir 120 megavött á fullum afköstum og því hefur spennufallið valdið nokkurrí röskun hjá stórnotendum, eins og stóriðjuverunum í Straumsvík og á Grundartanga.

Þorsteinn segir að með því að nýta varahluti úr öðrum spenninum í hinn þá verði líklega mögulegt að framleiða rafmagn á hálfum afköstum í febrúar. Viðgerð lýkur að vonum í apríl. Hann segir að spennarnir eigi að endast í 25 ár eða lengur.

- shá

Vetrarveiðar í Reykjavík:

Þjófar veiða lax í net í Korpu

LÖGREGLUMÁL Net með tveimur dauðum löxum fannst fyrir skömmu í neðanverðri laxveiði-ánni Korpu í Reykjavík. Að því er segir á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur gengu lögreglumenn fram á netið.

Í frétt Stangaveiðifélagsins er minnt á að í haust sem leið hafi borið á svænum veiðiþjófnadi í Elliðaánum. Ljóst sé að óprúttmír aðilar beini einnig spjótum sínum að öðrum ám í höfuðborginni.

„Það er nýlunda að veiðiþjófnadur sé stundaður yfir vetrarmánuðina enda laxinn nánast óætur með öllu og illa haldinn.“

- gar

FLUGFÉLAG ÍSLANDS → flugfelag.is

Burt úr bænum

Hópaferðir fyrir öll tilefni

Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is

TIL HAMINGJU

SELFYSSINGAR!

Það er enginn skítamóralld að 658 Selfyssingar hafi fengið vinning í Happdrætti Háskólans á síðasta ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.



Réttur dagsins

Úr Fiskborði Nóatúns

698 kr. **25% afsláttur**

Fiskibollar

MIKIÐ ÚRVAL AF SPENNANDI FISKRÉTTUM Í NÓATÚNI

NÓATÚN

Sprenging í fjölda umsókna um áritun

Alls sóttu um 1.500 um vegabréfsáritun í sendiráði Bandaríkjanna hér á landi á síðasta ári. Allir sem eru á sakaskrá þurfa að sækja um áritun, sem og þeir sem hefur verið hafnað um áritun, eða hafa dvalist lengur í landinu en leyfilegt var.

UTANRÍKISMÁL Sífellt færist í aukana að Íslendingar sækja um vegabréfsáritun áður en haldið er til Bandaríkjanna, og sprenging varð á fjölda umsókna eftir að íslenski konu var vísað frá landinu með harkalegum hætti í desember.

Alls sóttu um 1.500 um vegabréfsáritun í sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi á síðasta ári, segir Amiee R. McGimpsey, ræðismaður Bandaríkjanna hér á landi. Af þeim fjölda voru 1.299 íslenskir ríkisborgarar. Þar af sóttu um 370 um ferðamannaáritun.

McGimpsey segir að afar fáum sé neitað um ferðamannaáritun, helst þeim sem hafi ítrekað komist í kast við lögin. Hún segir ekki ljóst hversu mörgum af þeim sem sóttu um á síðasta ári hafi verið hafnað, en segir það að öllum líkindum innan við þrjú prósent.

Íslenskir ríkisborgarar hafa frá árinu 1991 almennt ekki þurft að fá vegabréfsáritun áður en þeir fara sem ferðamenn til Bandaríkjanna. Þá bættist Ísland í hóp þeirra tæplega þrjátíu landa sem eru á varanlegri undanþágu, segir McGimpsey.

Á þessu eru þó nokkrar undantekningar, eins og Erla Ósk Arnardóttir Lilliendahl fékk að reyna, og sagt var frá í fjölmiðlum í desember. Henni var snúið við þegar hún kom til New York þar sem hún hafði mörgum árum áður dvalið lengur í Bandaríkjunum en vegabréfsáritun hennar heimilaði.

Bandarísk stjórnvöld sögðust um síðir harma illa meðferð á Erlu á meðan hún var höfð í haldi, en bentu á að hún hefði ekki lent í vandræðum hefði hún sótt um vegabréfsáritun.

Það getur tekið nokkra daga að fá áritun til Bandaríkjanna. Umsóknarferlið byrjar á vef sendiráðsins, en endar með viðtali við



FÁUM HAFNAÐ Ekki eru til nákvæmar tölur yfir fjölda íslenskra ríkisborgara sem sóttu um ferðamannaáritun til Bandaríkjanna á síðasta ári en var hafnað, en Amiee R. McGimpsey segir að öllum líkindum innan við þremur prósentum umsækjenda hafnað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

PURFA ÁRITUN

Íslenskir ríkisborgarar þurfa að sækja um vegabréfsáritun áður en þeir fara til Bandaríkjanna ef:

- Þeir eru á sakaskrá hér á landi eða í Bandaríkjunum.
- Þeir hafa áður dvalið lengur en þeir höfðu heimild til í Bandaríkjunum, eða hafa brotið með öðrum hætti

gegn innflytjendalögum þar á landi.

- Þeir hafa sótt um vegabréfsáritun til Bandaríkjanna einhvern tímann áður á lifsleiðinni og verið hafnað.
- Þeir munu ekki ferðast með viðurkenndum flugfélögum, heldur til dæmis með einkaflugvélum eða ákveðnum farþegaskipum.

fulltrúa sendiráðsins þar sem lögð eru fram umbeðin gögn, svo sem sakavottorð og vegabréf.

Hefðbundin ferðamannaáritun kostar 131 dollara, 8.250 krónur, og gildir venjulega í tíu ár frá útgáfu. Handhafinn getur ferðast til og frá

Bandaríkjunum oft á því tímabili. Með ferðamannaáritun getur fólk dvalið sem ferðamenn í að hámarki sex mánuði í senn, en sækja það ekki um áritun má það einungis dvelja í þrjú mánuði.

brjann@frettabladid.is

Ráðningar Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra umdeildar:

Ársæll óskar eftir rökstuðningi

STJÓRNSÝSLA Ársæll Harðarson aðstoðarferðamálastjóri hefur óskað eftir rökstuðningi fyrir ráðningu Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra í embætti ferðamálastjóra. Ólöf Ýrr Atladóttir líffræðingur var ráðin ferðamálastjóri úr hópi fimmtíu umsækjenda.

Í rökstuðningi Ársæls, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir Ársæll að hann telji sig hæfari en Ólöf í mörgum þeim atriðum sem fram komu í starfsaupplýsingu.

„Í fréttta- og blaðaviðtölum við yður virðist sem að í rökstuðningi yðar með ráðningunni hafi sum



ÁRSÆLL HARÐARSON Vill að Össur rökstyðji ráðningu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

atriði vegið mun meira en önnur atriði, án þess að slíks sé getið samkvæmt auglýsingu og ber að útskýra það nánar,” segir Ársæll meðal annars í bréfinu.

Þá spyr Ársæll að því hvort ferðamálastjóra en ráðningu í stöðu ferðamálastjóra, þar sem vitnað hefði verið til þess í tilfelli orkumálástjóra að ekki væri hægt að sniðganga hæfasta umsækjandann með vísan til kynferðis. „Er þá að lokum spurt hvort annað gildi um ráðningu í stöðu ferðamálastjóra en gildi um ráðningu orkumálástjóra, þegar þér segist í fjölmiðlum, í tilfelli orkumálástjóra, ekki geta samkvæmt stjórnarskrá og jafnréttisáætlun ráðuneytisins, sniðgengið hæfasta umsækjandann með vísan til kynferðis,” segir Ársæll.

- mh

ISUZU D-MAX

ISUZU

MJÖG VEL ÚTBÚINN Á MJÖG GÓÐU VERÐI

KOMDU OG REYNSLUAKTU SJÁLFSKIPTUM 3.0 LÍTRA DÍSIL ISUZU D-MAX

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á.
Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira.

ISUZU D-MAX

2.890.000 kr. sjálfskiptur

2.790.000 kr. beinskiptur

JANÚARTILBOÐ

Á VÖLDUM BÍLUM
- KOMDU Í HEIMSÓKN
OG KANNAÐU MÁLIÐ



ENNEMM / SIA / NM3014



Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanföllum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavinina sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkornasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

Happatappar

Kristall, Kristall Plús og Kristall Sport

Safnaðu 10 töppum

... og þú gætir verið á leið í skíða-ferð með fjölskyldunni.

Kynntu þér málið á www.kristall.is



Égils

GEGGJUÐ RYMINGARSALA

Allir pottar árgærd 2007 á hrikalegu verði.
Rýmum fyrir árgærd 2008



Arctic Spas. Kanadískir græðapottar.
þola allt niður að -50 gráður frosti.



Allt fyrir spilaherbergið.
Pókerborð, Billiárborð,
spilastólar, barir o.fl.



Arctic Spas Faxafeni 9. Sími: 554 7755 www.arcticspas.is

TIL HAMINGJU

DALVÍK- INGAR!

Dalvíkingar státa ekki einungis af Fiskideginum mikla heldur einnig 155 vinningshöfum í Happdrætti Háskólans á síðasta ári. Það hefur aldeilis hlaupið á snærið hjá þeim þar nyrðra.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings



SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.



SÓMI

Nánari upplýsingar á somi.is

Slökkt á NMT-símkerfinu í byrjun næsta árs og nýtt kerfi tekið í notkun:

Tafir á uppsetningu nýs kerfis

FJARSKIPTI Einhverjar tafir hafa orðið á uppsetningu símkerfis sem ætlað er að verða arftaki NMT-kerfisins, en fyrirtækið sem byggir upp nýja kerfið, Nordisk mobiltelefon Island, telur að hægt sé að standa við áætlanir.

„Þeir telja sig vera eitthvað á eftir áætlun en að þeir séu í stöðu til að vinna þær tafir upp,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnunin fær reglulegar stöðuskýrslur frá fyrirtækinu.

Aformað er að slökka á NMT-kerfinu í byrjun árs 2009, og þá á nýja kerfið að vera tilbúið. Aðspurður segir Hrafnkell að ekki

hafi verið rætt hvort NMT-kerfinu verði haldið gangandi lengur verði tafir á uppbyggingu nýs kerfis.

Síminn á helmings hlut í Nordisk mobiltelefon Island á móti Nordisk mobiltelefon AB. Linda Björk Waage, forstöðumaður almannatengsla á samskiptasviði Símans, segir að framkvæmdir við nýja kerfið séu á áætlun.

Samkvæmt tilboði Nordisk mobiltelefon Island í tíðniheimild fyrir farsímakerfið er ráðgert að fimmtíu sendar utan þéttbýlis verði komnir upp 1. júní næstkomandi og fullri útbreiðslu verði náð 1. október. Tíðnisviðið sjálft verði svo tekið í notkun 7. janúar 2009.



**HRAFNKELL V.
GÍSLASON**

**LINDA BJÖRK
WAAGE**

„Það eru einhverjir sendar komnir upp, og þetta lítur út fyrir að ætla að standast þær áætlanir sem við lögðum upp með,“ segir Linda.

- bj



SJÁLFSTÆÐISMÁL Á ÍS Höfnin í Þórshöfn. Flokkarnir sem nú skipa færeysku landstjórnina forðast að ræða sjálfstæðismálið í kosningabaráttunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Færeyingar að kjör- borðinu um helgina

Meðal mála sem borið hefur hæst í kosningabaráttunni fyrir lögbingskosningar í Færeyjum á laugardaginn eru félags- og menntamál, en minna hefur borið á umræðu um sjálfstæðismálið. Eyjarnar eru nú í fyrsta sinn eitt kjördæmi í stað sjö.

FÆREYJAR Færeyingar ganga til lögbingskosninga næstkomandi laugardag. Meðal mála sem borið hefur hæst í kosningabaráttunni eru félags- og menntamál. Skoðanakannanir benda til að flokkarnir þrír, sem staðið hafa að landstjórninni undanfarið kjörtímabil, haldi meirihlutunum.

Á ýmsu hefur gengið í stjórnarsamstarfinu og í brýnu sló milli Jafnaðarmannaflokks Jóannesar Eidesgaard, lögmans Færeyinga, og Fólkaflokksins í nóvember síðastliðnum, er Eidesgaard rak fólkaflokksmanninn Jacob Vestergaard úr embætti innanríkis- og samgöngumálaráðherra. Stjórn Fólkaflokksins ákvað þó að láta málið ekki verða til þess að að slíta stjórnarsamstarfinu. Nú vonast formaður Fólkaflokksins, Jørgen Niclasen, til að komast eftir kosningar í aðstöðu til að gera tilkall til lögmanssembættisins, sem Eidesgaard gerir sér líka vonir um að geta haldið.



**JÓANNES
EIDESGAARD**

Meginsamstarfsgrundvöllur flokkanna þriggja – Jafnaðarmannaflokksins, Fólkaflokksins og Sambandsflokksins – er annars svipuð grundvallarafstaða til sjálfstæðismálsins. Þeir vilja allir fara sér hægur í þeim málum en núverandi stjórnarandstöðuflokkar, einkum og sér í lagi Þjóðveldisflokkur Høgna Hoydal sem hefur full sambandslið frá Danmörku á stefnuskránni.

Sjálfstjórnarmálin hafa annars verið lítt áberandi í kosningabaráttunni. Einungis Þjóðveldisflokkurinn hefur reynt að halda

því máli á lofti, og skýrist það af því að kjósendur hinna flokkanna eru flestir klofnir í afstöðu til málsins.

Fréttavefur grænlenka útvarpsins, KNR, hefur eftir Össuri Wintereig, fréttastjóra færeyska útvarpsins, að færeyskir stjórnarmálamenn keppist nú meðal annars við að lýsa því hvernig þeir telji fært að fá ungt fólk, sem hverfur til framhaldsnáms í Danmörku, til að snúa heim að námi loknu. „Þessi vandi er nú orðinn svo stór, að jafnvel stjórnarmálmennirnir viðurkenna að til sérstakra ráðstafana þarf að grípa,“ segir Wintereig.

Fram til þessara kosninga var Færeyjum skipt í sjö kjördæmi, en nú hafa þau öll verið sameinuð í eitt. Í fámennari byggðarlögum hefur af þessum völdum gætt áhyggna af því að fulltrúar fjölmennustu bæjanna sópi til sín öllum þingsættunum.

audunn@frettabladid.is

TIL HAMINGJU

HÚSVÍKINGAR!

Það er ekki bara hægt að skoða hvali á Húsavík heldur einnig 251 vinningshafa í Happdrætti Háskólans á síðasta ári. Aðgangur ókeypis.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings



Þegar mest á reynir

Hjúkrunarfræðingar fylgja þér í gegnum lífið og gæta heilsu þinnar og þinna nánustu.
Þeir standa við hlið þér í gleði jafnt sem í sorg, frá vöggu til grafar.

Hjúkrunarfræðingar á Íslandi standa fremstir í flokki á alþjóðavísu hvað varðar menntun
og fagmennsku í starfi þar sem miklar kröfur eru gerðar.

Hjúkrunarfræðingar búa við mikið álag í dagsins önn vegna viðvarandi mannekle.
Launakjör þeirra eru ekki í samræmi við menntun og ábyrgð í starfi.



www.hjukrun.is



Á FLEYGIFERÐ Japanskar konur fórn höndum í rússbanaferð þegar farar-tækið tekur eina dýfuna. Konurnar eru klæddar í kimono, sem er japanskur þjóðbúningur, í tilefni af hátíðarhöldum sem marka inngöngu þeirra í full-orðinna manna tölu við tvítugsaldur.

NORDICPHOTOS/AFP

Mannúðarsamtökin IceAid: Hvorki skrifstofa né starfsmaður

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Mosfellsbæjar hafnar ósk Glúms Baldvinssonar um að bærinn



GLÚMUR BALDVINSSON

leggi þróunar- og mannúðarsamtökunum IceAid til starfsmann í hálfu starfi og skrifstofu með tölvu og síma. Glumur segist í bréfi til bæjarstjórnans hafa stofnað IceAid árið 2005. Samtökin hafi þegar reist munaðarleysingjahæli í Lfberú og sinni nú verkefni varðandi lyfjaframleiðslu fyrir sjúka í Tansaníu. Meðal ærinna verkefna fram undan sé að útvega Afríkubúum gervifætur og dreifa einnota sprautum til heilbrigðisstofnana.

-gar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa með álit um eldhúsinnréttingu:

Ikea leggi til nýja hluti í innréttingu

NEYTENDAMÁL Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur komist að þeirri niðurstöðu að Ikea beri að leggja til nýjar klæðningar á veggskápa í eldhúsinnréttingu, hurðir og framhliðar á skúffum og skápum og gufuvárnarlista fyrir uppþvottavél. Hluta af nýju hlutunum beri eiganda innréttingarinnar að greiða að hálfu.

Málavextir eru þeir að Guðjón Einarsson keypti hvítsprautaða eldhúsinnréttingu hjá Ikea í nóvember 2002. Í desember 2006 kvartaði hann við Ikea og vildi rifta kaupunum og fá nýja innréttingu í stað þeirrar sem hann keypti. Tíu ára ábyrgð var á innréttingunni.

Í rökstuðningi Guðjóns segir að innréttingin hafi elst hratt og fljótlega hafi hún orðið mött, skýjuð eða flekkótt. Málning hafi flagnað af köntum. Þá sé hún gróft sprautuð á mörgum



ELDIST HRATT Hvítsprautuð eldhúsinnrétting, sem keypt var hjá Ikea, eldist hratt. Tíu ára ábyrgð var á henni. Ikea á að endurnýja hana og eigandi tekur þátt í kostnaði að hluta.

áberandi stöðum. Vitnað er í húsamíðameistara sem hafi séð greinilegan litamismun, þá hafi málning máðst af hlutum og verði einhverjum þeirra skipt út muni litamunur alltaf sjást. Þá kemur fram að áberandi litamismunur hafi verið á nýrri skúffuframhlið miðað við innréttinguna. Ikea telur hinsvegar lélegri umgengni um að kenna. Ekkert sé óeðlilegt við litamun.

Í álitserði nefndarinnar kemur fram að seljandi eigi rétt til úrbóta. Ikea beri að setja upp nýja hluti en vilji eigandinn það ekki skuli hann sjálfur sjá um það á sinn kostnað. Báðir aðilar ætla að hlíta álitinu. Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri Ikea, kveðst samt vera ósáttur við það, litamunur hafi til dæmis ekki sést þegar fulltrúi nefndarinnar skoðaði og það sé Ikea í hag en ekki sé tekið tillit til þess. - ghs

Breytingar á veðurfari á Norðurlöndum:

Óvenjuhlýtt á norður-slóðum í desember

NORÐURLÖND Desembermánuður hefur verið óvenjuheitur á norður-slóðum. Í Lapplandi var meðalhitastigið 3-4 gráður og almennt séð var upp undir níu stigum hlýrra í norðurhluta Finnlands en langtímaeðaltalið segir til um, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet.

Í Ivalo í Lapplandi var hitastigið hæst 7,4 gráður sem er met á þessum stað á þessum árstíma. Að sögn finnsku veðurstofunnar hefur aðeins fjórum sinnum verið svo hlýtt í Sodankylä í Lapplandi síðustu hundrað árin. Úrkoman var einnig meiri en venjulega í Lapplandi og þá fyrst og fremst sem rigning. Í byrjun desember var snjór um næstum allt Finn-

land en síðan hlýnaði í veðri.

Í Norður-Noregi var desembermánuður 2007 næstheitaasti desembermánuður frá árinu 1900, segir á fréttavef norska dagblaðsins Aftenposten. Hitastigið var almennt óvenjuhátt í Noregi í fyrra og á Svalbarða var mun heitara en venjulega.

Í Osló var hitastigið 5,9 gráðum hærra en meðaltalið frá árinu 1900. Aðeins árið 1967 var heitara í desember en þá var 6,2 gráðum heitara í desember en 30 ára meðaltalið segir til um. Í Osló var einni og hálfri gráðu heitara en venjulega í desember 2007.

Margar norskir veðurathugunarstöðvar skráðu úrkomu- met í desember.

-ghs



SKURÐURINN Komið hafði verið fyrir niðurfalli og grafinn fráveituskurður frá plani steypueiningaverksmiðjunnar Borgar þegar heilbrigðiseftirlitið skast í leikinn.

MYND/HEILBRIGÐISEFTIRLITIÐ

TIL HAMINGJU HAFNFIRÐINGAR!

Af hverju læðast Hafnfirðingar alltaf fram hjá 2.616 húsum í bænum? Til að vekja ekki vinningshafana í Happdrætti Háskólans á síðasta ári. – Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Rv Unique

RV Unique örtrefjaræstikerfið

- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt



Bodil Fur, sölumaður hjá RV Unique í Danmörku

UniFlex II H Fiber ræstivagn

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar RV

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Gerðu fráveitu- lögn í óleyfi frá steypustöð

Einingaverksmiðjan Borg hefur beðist afsökunar og fyllt upp í frárennisskurð sem grafinn var í óleyfi. Borg fær frest til mánaðamóta til að rýma svæði sem fyrirtækið fékk til bráðabirgða.

UMHVERFISMÁL Heilbrigðiseftirlitið stöðvaði vinnu við frárennisslögn frá Einingaverksmiðjunni Borg og út í sjó á Kársnesi. Engin heimild var fyrir lögninni.

„Það var tiltekt á planinu og þetta átti að vera svo rosalega fínt hjá strákunum og þeir grófu þennan skurð sen þeir áttu náttúrulega ekkert að gera,“ segir Þórhallur Barði Kárasón, einn eigenda Borgar, sem beðið hefur bæjaryfirvöld afsökunar og fyllt í skurðinn. „Það safnast fyrir vatn herna á planinu og það átti að keyra vatnið undir vegstæðið í staðinn fyrir að það færi yfir það. En það verður þá bara að vera pollur,“ segir Þórhallur.

Kópavogshöfn kvartaði undan Borg hinn 9. janúar síðastliðinn til heilbrigðiseftirlitsins, sem sendi mann á staðinn.

„Krafa er gerð til fyrirtækisins að umræddar framkvæmdir verði stöðvaðar nú þegar þar sem öll fráveita í höfnina er háð tilskildum leyfum,“ skrifar heilbrigðiseftirlitið til Borgar.

Kópavogsbær hefur gefið Borg frest til næstu mánaðamóta til að rýma svæði sem fyrirtækið fékk í fyrirasumar til afnota til bráðabirgða utan sinnar eigin löðar. Samkvæmt bréfi Kópavogsbæjar til Borgar verður umrætt svæði girt og tekið í notkun sem tollsvæði í næsta mánuði.



BORG Einingaverksmiðjan Borg er umdeild í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þórhallur segir að eigendur Borgar hafi vitað í hvað stefndi og að þessi ákvörðun Kópavogsbæjar valdi fyrirtækinu ekki óþægindum. „Við erum að leigja land undir þetta í Hafnarfirði,“ segir hann.

Kvartað hefur verið undan óþrifnaði frá steypustöð Borgar sem nú hefur lofað að færa sem mest af starfsemi frá suður- enda löðarinnar til að lágmarka óþægindi fyrir nágrannana.

Ágreiningur er milli Borgar og Kópavogsbæjar um það hvort fyrirtækinu sé heimilt að reka steypustöð. Borg, sem telur sig hafa slíka heimild meðfram leyfi til reksturs steypueiningaverksmiðju, hefur nú sótt um sérstakt leyfi fyrir steypustöðinni og bíður það erindi afgreiðslu hjá byggingarnefnd Kópavogs.

gar@frettabladid.is

Tilraunaverkefni Símans:
Meiri gagna-
hraði í 3G

FJARSKIPTI Póst- og fjarskipta-
stofnun hefur úthlutað Símanum
tilraunaleyfi fyrir langdrægt 3G
farsímakerfi. Helstu kostir
kerfisins, umfram hefðbundin
langdræg GSM-kerfi, eru að það
dregur allt að 50 prósentum lengra
auk þess sem mögulegur gagna-
hraði er allt að þúsundfaldur.

Kerfið nýtir UMTS-staðlaða 900
MHz tíðni, þá sömu og hefðbundin
GSM-kerfi nota, í stað 2.100 MHz
tíðni en útbreiðslueiginleikar
lægri tíðni eru almennt betri.
Tilraunaverkefni Símans er í
samvinnu við Ericsson og áætlað
er að hefja tilraunir á Suðurlandi
í þessari viku. - ovd



FIS Einkafélög eiga ekki að annast
skráningu fisa.

Umboðsmaður Alþingis:
Ríkið annist
sjálft fisaskrá

STJÓRNÝSLA Umboðsmaður
Alþingis segir það ekki standast
lög að fela fisfélagi að halda utan
um skráningu flugfisa ásamt
Flugmálastjórn.

Eigandi fisfluglu kvartaði undan
því að Flugmálastjórn gerði honum
að skrá vél sína hjá Fisfélagi
Reykjavíkur, sem hann vildi alls
ekki vera meðlimur í. Eftir að
umboðsmaður hóf athugun gaf
ráðuneytið val um hvort menn
skráðu fis hjá félaginu eða hjá
Flugmálastjórn. Umboðsmaður
segir þetta hins vegar ekki heldur
standast. Flugmálastjórn eigi að
halda íslenska loftfaraskrá og geti
ekki falið einkafélagi að annast
skrána. - gar

Átak ber árangur:

Slysum fækkar
á milli ára

ÁTAKIÐ Stillum hitann hóflega,
sem er samstarfsverkefni
Orkuveitu Reykjavíkur, Forvarna-
húss Sjóvá, byggingafulltrúans í
Reykjavík og lýtalækningadeildar
Landspítala – Háskólasjúkrahúss
og var ýtt úr vör síðastliðið vor,
hefur þegar borið árangur með
fækkun brunaslysa af völdum
heits vatns. Þetta er einróma mat
þeirra sem taka á móti fórnar-
lömbum brunaslysa á Landspítala
– Háskólasjúkrahúsi.

Áfram er unnið að átakinu með
eflingu fræðslu iðnaðarmanna og
almennings og auknu aðgengi að
tæknilegum úrlausnum í lagna-
búnaði. - vp

Hugsaðu um heilsuna!



Gamla góða
Óskajógúrtin
– bara léttari

Frískandi, hollur
og léttur drykkur í dós

Svalandi,
próteinríkur
og fitulaus

Silkimjúkt,
próteinríkt
og fitulaust

Fitusnauðar
og mildar ab-vörur
– dagleg neysla stuðlar að bættri
heilsu og vellíðan

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

TIL HAMINGJU HÉRAÐSBÚAR!

273 heppnir íbúar Fljótshéraðs fengu vinning í Hapdrætti Háskólans í fyrra.
Lagarfljótormurinn var ekki þeirra á meðal.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

TIL HAMINGJU HELLU- BÚAR!

Frá Hellu er ekki bara hægt að fara á Njáluslóðir heldur einnig vinningshafaslóðir. 84 vinningshafar í Hapdrætti Háskólans á síðasta ári bera þess vitni.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

TIL HAMINGJU 107 REYKJAVÍK!

1.093 íbúar í 107 Reykjavík fengu vinning Hapdrætti Háskólans á síðasta ári. Leit auga þitt nokkuð fegra en vinning í Hapdrætti Háskólans?
– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

Frístundakortið 25.000 kr. fyrir árið 2008



Er barnið þitt í frístundastarfi?

Frístundakortið er styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6-18 ára börn og unglinga í Reykjavík. Nánari upplýsingar á www.itr.is

ITR · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 411-5000 · www.itr.is · itr@itr.is

Meðan Clara Rojas var gísl FARC eignaðist hún barn sem var tekið af henni: Endurheimti son sinn eftir þrjú ár

KÓLUMBÍA, AP Eftir þriggja ára aðskilnað fékk Clara Rojas að faðma að sér son sinn sem hún eignaðist meðan hún var í haldi uppreisnarhópsins FARC í Kólumbíu. Barnsfaðir Rojas er úr hópi uppreisnarmannanna.

Rojas var aðstoðarkona þáverandi forsetaframbjóðanda, Ingrid Betancourt, þegar þeim var rænt árið 2001. Árið 2004 eignaðist Rojas soninn Emmanuel en hann var tekinn frá henni átta mánuðum eftir fæðinguna. Síðar kom bóndi drengnum í hendur félagsmálafyrvalda í Bógóta, höfuðborg Kólumbíu, án þess að upplýsingar fylgdu með um hver

uppruni hans væri og var hann settur á munaðarleysingjahæli. Þar hefur hann verið undanfarnir tvö ár.

Í síðustu viku sleppti FARC Rojas og fyrrverandi þingkonunni Consuelo Gonzalez. Nokkrum dögum áður hafði DNA-próf leitt í ljós að drengurinn var í raun sonur Rojas.

Rojas hefur lítið viljað gefa upp um föður Emmanuel's annað en að hann hafi verið í hópi uppreisnarmannanna og að henni hafi verið sagt að hann hefði látist. Hún vissi ekki hvort hann hefði fengið að vita að hann ætti son.

Emmanuel mun búa hjá móður



MÆÐGINN SAMEINUÐ Á NÝ Clara Rojas faðmaði son sinn að sér þegar hún hitti hann á munaðarleysingjahælinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sinni meðan verið er að ganga frá pappírnum um að hann verði varanlega í hennar umsjá.

- sdg

Stjórnmalakreppan í Belgíu: Ímyndarherferð fyrirskipuð

BELGÍA, AP Utanríkisráðherra Belgíu, Karel de Gucht, hefur uppálagt utanríkisþjónustu landsins að gera átak í því að upplýsa umheiminn um að belgíska ríkið sé ekki í þann mund að sundrast.

Að systurflokkum úr hinum flæmska norðurhluta og frönskumælandi suðurhluta landsins skyldi ekki takast að mynda ríkisstjórn eftir kosningar snemmsumars í fyrra vakti upp vangaveltur innan sem utan Belgíu um að í klotning landsins stefndi.

Í desember var samið um bráðabirgðastjórn undir forystu Guy Verhofstadt. Sú stjórn hefur hins vegar aðeins umboð til starfa fram í mars. Þá er ætlast til að flokkarnir sem fengu þingmeirihluta verði búnir að leysa ágreining sinn.

- aa



LEIKSKÓLAMATUR HÆKKAR Í VERÐI Foreldrar leikskólabarna í Hafnarfirði, Reykjavík og Reykjanesbæ greiða herra verð fyrir leikskólavistunina frá áramótum en í Kópavogi lækkar gjaldið ef matarverð er ekki tekið með í reikninginn. Verð á leikskólamat hækkaði í Kópavogi eins og svo víða. Myndin er úr safni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Leikskólagjöld voru lækkuð í Kópavogi

Leikskólagjöld hækkuðu í Hafnarfirði, Reykjavík og í Reykjanesbæ en lækkuðu í Kópavogi. Verð á mat hækkaði á leikskólum víða. Raunlækkun, að mati formanns Leikskólaráðs í Reykjavík.

SVEITARFÉLÖG Leikskólagjöld hækkuðu um 3,5 prósent í Hafnarfirði um síðustu áramót. Systkinaafsláttur hélt hins vegar óbreyttur. Gjöld vegna heilsdagsskóla hækkuðu um fjögur prósent frá sama tíma. Verð á hádegismat í grunnskólum bæjarins hækkaði um 3,5 prósent frá næstu mánaðamótum.

Leikskólagjöld lækkuðu úr 2.100 krónum á klukkustund í 1.788 krónum í Kópavogi um áramótin. Mánaðargjald fyrir átta stunda vistun á dag lækkar því úr 16.800 krónum í 14.300 krónum á mánuði. Forgangsgjald lækkar en fæðisgjald hækkar um fimm prósent. Heimgreiðslur til foreldra hækka um 5.000 krónum á barn á mánuði og fara úr 30 þúsund krónum í 35.000. Niðurgreiðsla á íþrótt- og tómsundaiðkun hækkaði um 5.000 krónum í Kópavogi.

Á Akureyri hækkaði verð á fullu fæði á leikskólum um fjögur prósent milli ára og varð 5.127 krónum frá 1. janúar. Fæði í grunnskólum hækkaði um sjö prósent og kostar máltíð í áskrift nú 274 krónum. Gjöld í tónlistarskóla hækkuðu um fjögur prósent og gjaldskrá heimabjónustu hækkaði um 8,5 prósent. Í Reykjanesbæ hækkuðu

leikskólagjöld um 2,5 prósent, fóru úr 2.160 í 2.200 krónum. Matur á leikskólum hækkaði í verði um 2,5 prósent og verð á skólamáltíðum hækkaði um fimm krónum máltíðin. Grunnám í tónlist hækkaði í verði í Reykjanesbæ.

Í Reykjavík hækkuðu leikskólagjöld um 2,5 prósent frá áramótum, að sögn Sigrúnar Elsu Smáradóttur, formanns Leikskólaráðs. Þar með hækkaði matarverð á leikskólum einnig. Vistunargjöld og síðdegishressing á frístundaheimilum og í frístundaklúbbum hækkaði um 2,5 prósent.

„Í raun er þetta lækkun því að verðbólgan hefur verið mun meiri,“ segir Sigrún Elsa.

Niðurgreiðsla til íþrótt- og æskulýsstarfs í Reykjavík rúmlega tvöfaldaðist í ársbyrjun, fór úr 12.000 í 25.000 krónum og fer í 40.000 um næstu áramót. Niðurgreiðslan gildir fyrir börn og unglinga fram að 18 ára aldri. Sigrún Elsa bendir á að borgaryfirvöld styrki líka íþróttafélögin, einstaka klúbba, skátafélög og alls kyns æskulýsstarfsemi aðra.

Í Garðabæ hækkuðu niðurgreiðslur vegna íþrótt- og æskulýsstarfs í 25 þúsund og gilda til 18 ára aldurs.

ghs@frettabladid.is



Atli Þór Samúelsson

Jón Ragnarsson

„Eftir Sölu-, markaðs- og rekstrarnámið hjá NTV fór ég í Alþjóða Markaðsfræði hjá BA-West. Langþráður draumur loksins orðinn að veruleika. Hér í Esbjerg líður fjölskyldunni vel. Frábær skóli og meiriháttar skemmtilegt nám.”

„Eftir að hafa menntað mig sem lífvörður í Bretlandi fór ég Sölu- og markaðsnám hjá NTV. Nú er ég í Alþjóða Markaðsfræði hjá BA-West í Esbjerg í Danmörku. Í bekknum mínum eru nemendur frá 12 löndum sem hlýtur að teljast gott í Alþjóða Markaðsfræði .”

Nám hjá NTV viðurkennt fyrir háskólanám í Danmörku

Einn af stærstu viðskiptaháskólum í Danmörku, Business Academy West (BAW) í Esbjerg, hefur gert samstarfs-samning við NTV um að viðurkenna tveggja anna námsbrautir NTV sem inntökuskilyrði fyrir nám í skólanum.

Fjöldi íslenskra námsmanna stundar nú nám hjá BAW en skólinn býður meðal annars upp á:

Alþjóða Markaðsfræði*

Margmiðlunarhönnun*

Tölvunarfræði*

Stjórnunarfræði

Viðskiptafræði

* Val um kennslu á ensku eða dönsku.

Inntökuskilyrði fyrir nemendur NTV sem ekki hafa stúdentspróf, vegna inngöngu í BAW verða eftirfarandi:

1 Tungumálakunnátta

Fyrir enska námsbraut þarf ensku 303 eða taka samsvarandi stöðupróf frá viðurkenndum málaskóla. Fyrir danska námsbraut þarf stúdentspróf í dönsku eða taka samsvarandi stöðupróf hjá viðurkenndum málaskóla.

2 Starfsnám hjá NTV

- Skrifstofu- og rekstrarnámi eða Sölu-markaðs- og rekstrarnámi að viðbættu bókhaldsnámi
- Hafa lokið 72 kennslustunda viðbót í námstækni, skýrslugerð og stærðfræði*

3 Viðbótarnám fyrir margmiðlunarhönnun

Þeir nemendur sem hyggja á nám í margmiðlun hjá BAW þurfa auk þess að ljúka öðru af eftirfarandi námskeiðum hjá NTV: Auglýsingatækni eða Alvöru vefsíðugerð

*Öllum fyrrverandi nemendum NTV, sem hafa lokið Skrifstofunámi, Sölu-, og markaðsnámi, Rekstrarnámi eða Bókhaldsnámi, gefst nú kostur á að bæta við sig því sem uppá vantar og opna með því dyr að áframhaldandi háskólanámi í Danmörku.



Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.ntv.is

ntv

„ORÐRÉTT“

Líf á markaðstorginu

„Þetta er fyrst og fremst söluvara, líffræðilegar upplýsingar sem settar eru á markaðstorgið í þeirri von að almenningur láti glepjust.“

JÓHANN ÁGÚST SIGURÐSSON, PRÓFESSOR Í HEIMILISLÆKNINGUM, UM ERFÐAKORTASÖLU ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR.

Fréttablaðið 14. janúar 2008

Mannalegir þorskar

„Þeir eru eins og menn, svo stórir eru þorskarnir, allt uppí 10 kíló hver.“

BJARNI GYLFASSON VÉLSTJÓRI Á ÞORLEIFI EA 88 Í GRÍMSEY SEM ER ÁNÆGÐUR MED ÞORSKVEIÐINA Í BYRJUN ÁRSINS.

Morgunblaðið 13. janúar 2008

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HALLDÓR HALLDÓRSSON TÓNLISTARMAÐUR

Vinnur að tónlist með 1985!

„Það er allt að fréttu hjá mér. Ég og kæran mín vorum að taka niður gervijólatréð og seríurnar. En við vorum að halda okkar fyrstu jóla saman, í íbúð okkar að Álafossi í Mosfellsbæ,“ segir Halldór Halldórsson, sem kunnur er undir nafninu Dóri DNA, um það sem hæst ber í fréttum af honum sjálfum.

„Svo tekur maður bara skammdegisþunglyndið með trukki. Vinn tónlist með nýju hljómsveitinni minni, 1985!, en við erum einmitt að spila á Organ hinn 24. janúar næstkomandi.“

Svo held ég bara áfram að telja mér trú um að ég sé ekki

of gamall til þess að fara í nám, ekki of latur til þess að grenda mig og ekki of seinn til þess að slá í gegn með tímalausu meistaraverki. Svo þarf maður að fara að klambra saman stöffi í umsókn í Listaháskólann, en ef allt fer á besta veg mun ég nema þar leikhúsfraði næsta haust. Veturinn er ógeðslegur og ég reyni að leiða hann hjá mér næstu tvo mánuði, svo kemur sumarið í mars í mínum augum og þá verður allt betra. Og þá verður auðvitað alveg hellingur að fréttu líka og svona.“



DÖMUBINDI

HJÚKKUR BJARGA SÉR

■ Elstu ritheimildir sem til eru um dömubindi eru frá tíunda öld. Einnota dömubindi komu hins vegar fyrst á markað í Þýskalandi og Bandaríkjunum á tíunda áratug 19. aldar. Fram að því notuðu konur klúta eða tuskur sem hægt var að nota aftur. Hjúkrunarkonur fundu upp einnota dömubindi. Þær sniðu grisju sem þær settu á milli fóta sér þegar þær voru á blæðingum. Notkun einnota dömubinda varð þó ekki viðtekin fyrr en löngu eftir að þær komu á markað, því lengi höfðu margar konur ekki efni á þeim.

SJÓNARHÓLL
KJARAVIÐRÆÐUR

Menn sýni stillingu

„Það er áhyggju-efni ef samningar eru ekki í sjónmáli og skelfilegt til þess að hugsa ef allt fer í bál og brand,“ segir Teitur Björn Einarsson, framkvæmdastjóri fiskvinnslufyrirtækisins Eyrarodda hf. á Flateyri, um stöðu kjaraviðræðanna.



TEITUR BJÖRN EINARSSON
Framkvæmdastjóri Eyrarodda.

„Menn verða að sýna stillingu og gæta að langtíma hagsmunum allra launþega, stóra atriðið er að ná niður verðbólgu. Í framleiðslugeiranum, sérstaklega í sjávarútvegi, er síst svigrúm til mikilla launahækkana og menn verða að skoða af mikilli skynsemi hvornig á að ná saman. Það er rangt af forystu verkalyðsfélaganna að ætlast til að ríkið komi hlaupandi undir bagga í kjaraviðræðum. Aðilar á vinnu markaðinum verða að ná sjálfir samkomulagi í meginatriðum. Það er óeðlilegt að verkalyðsfélögin séu að beita ríkið þrýstingi til að breyta löggjöf til að ná samningum í kjaraviðræðum. Þá ættu verkalyðsfélögin frekar að bjóða sig fram til Alþingis.“

Embættismenn í aðlögun

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkur, og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, tóku til máls á málþingi um innflytjendamál. Bæði höfðu þau reynslusögur að segja frá því þegar þau voru innflytjendur; Oddný í Þýskalandi en Halldór á Ísafirði.

Oddný var við nám í Þýskalandi og einsetti sér að læra tungumálið sem fyrst og notaðist því ekkert við enska tungu, sem hún hefur gott vald á. En þetta jákvæða viðhorf til aðlögunar getur líka verið dýrkeypt þótt venjulega náist markmiðið um að læra tungumálið á endanum.

„Fyrst um sinn hljómar útlendingur í nýju landi eins og liðlega eins árs gamalt barn,“ sagði hún. „Orðin sem koma út úr útlendingnum eru gjarnan stutt, stök, samhengislaus og óskýr. Og eins og barnið langar útlendinginn oft að leggjast á gólfið, baða út öllum öngum og óskra af bræði yfir skilningsvana veröld sem kveikir ekki á því hvað téður útlendingur er sniðugur, orðheppinn og gáfaður. Ætli það sé ekki versta tilfinningin sem fylgir því að brjóta nýtt land? Ég tel mig vera nokkuð sniðuga



HALLDÓR HALLDÓRSSON OG ODDNÝ STURLUDÓTTIR Þau hafa komið ár sinni sæmilega fyrir borð en sú var tíðin að þau þurftu að samlagast samfélaginu; Oddný sem Íslendingur í Þýskalandi og Halldór sem Inndjúpsmaður á Ísafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

konu, ég get verið orðheppinn og lunkin í tilsvörum og á gott með að tjá mig. Ekkert af þessu átti við mig fyrsta árið í Þýskalandi. Þjóðverjum þótti ég líklegast helst til vitgrönn, takmörkuð og lítilfjörleg.“ En þessi reynsla varð ekki aðeins til þess að hún lærði þýsku heldur býr hún að henni þegar hún stendur andspænis nýbúa sem á erfitt með að tjá sig á íslensku.

Saga Halldórs er reyndar frá íslenskri grundu þótt hann hafi

verið í hlutverki innflytjandans. „Ég kem úr Inndjúpinu eins og það er kallað,“ sagði Halldór. „En eins og margir Inndjúpsmenn flutti ég til Ísafjarðar þar sem atvinnutækifærin eru. Ég minnst þess að þegar Ísafjörður tók á móti þrjátíu flóttamönnum frá Júgóslavíu árið 1996 þá fylgdist þáverandi félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, vel með aðlögun þeirra og þegar þeir höfðu dvalist á Ísafirði um nokkra hríð hafði hann samband við einn

innfæddan Ísafirðing og spurði hvornig gengi hjá Júgóslövuðum að laga sig að samfélaginu. Hann svaraði á þá leið að þær skæru sig ekki jafn mikið úr og Inndjúpsmenn.“

Þó verður ekki annað séð en að Inndjúpsmönnum hafi gengið sæmilega að vinna sig til metorða á Ísafirði en Halldór er nú bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar eins og flestir vita.

jse@frettabladid.is

Nýsir hf., kt. 690191-1219, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar víxla sem OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur samþykkt.

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út: Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 26. október sl. og er auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. NYSI 08 0425. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubríf sem skulu endurgreiðast þann 25. apríl 2008. Víxlarnir verða teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 15. janúar 2008.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast, frá og með 15. janúar 2008, hjá útgefanda Nýsi hf., Reykjavíkurvegi 74, 220 Hafnarfirði, í ár frá birtingu lýsingarinnar og á vefsetri útgefanda, www.nysir.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 15. janúar 2008



Menningarsjóður Hlaðvarpans styrkti nítján verkefni kvenna um tíu milljónir:

Menningarverkefni kvenna styrkt um tíu milljónir króna

Nítján styrkir til menningarmála kvenna, að upphæð tíu milljónir króna, voru afhentir í fyrstu afhendingu styrkja úr menningarsjóði Hlaðvarpans sem fram fór í Iðnó síðastliðinn föstudag.

Helstu styrkþegar eru að þessu sinni Miðstöð munnlegrar sögu, Þóra Tómasdóttir og Krumma film, Leikhópurinn Opið út og Start Art sem hver um sig hljóta eina milljón króna í styrki. Aðrar styrkuppáhæðir voru lægri.

Mikil þörf er talin á sjóði sem þessum sem lýsir sér best í því að á sjötta tug umsókna bárust og námu styrkbeiðnir tæpum 600 milljónum króna.

Forsaga sjóðsins er að árið 1985 keypti hópur kvenna hús við Vesturgötu 3 í Reykjavík. Hlutaafélag var stofnað um húsa kaupin og varðveislu þeirra og hlaut það félag nafnið Hlaðvarpinn. Í húsunum fór



STYRKHAFAFAR HLAÐVARPASJÓÐSINS Samtals tíu milljónir til nítján verkefna.

fram ýmiss konar menningarstarfsemi eins og til dæmis leikhús, tónleika- og fundahald.

Viðgerðir á húsunum og rekstur voru hins vegar þungur baggi og

svo fór að rekstri var hætt og húsinn seld en í lögum félagsins var ákvæði um að andvirði húsans skyldi notað til styrktar á menningarverkefnum kvenna.

- ovd



ANNA KRISTÍN JÓNSDÓTTIR Hættir sem verkefnastjóri í HÍ.

Bláða- og fréttamannanám:

Anna Kristín aftur í útvarp

FJÖLMIDLAMÁL Anna Kristín Jónsdóttir, verkefnastjóri í bláða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands, hyggst samkvæmt heimildum brátt láta af því starfi. Mun hún snúa aftur til starfa hjá Ríkisútvarpinu og munu landsmenn heyra í Önnu Kristínu á Morgunvaktinni á Rás 1.

Valgerður Jóhannsdóttir, varafréttastjóri Sjónvarpsins, gerir ráð fyrir að sækja um stöðuna sem þá losnar. „En það er náttúrlega ekkert öruggt í þeim efnum þegar maður sækir um starf. Ég verð hér áfram næstu tvo mánuðina og svo verð ég með annan fótinn uppi í háskóla,“ segir Valgerður, sem verid hefur stundakennari í fjölmiðlanáminu.

- ovd



21 MILLJÓN SAFNAÐIST Sparisjóðurinn stóð fyrir söfnun sem lauk á aðfangadag jóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Söfnun Sparisjóðsins:

Styrkti ungmenni með geðraskanir

STYRKUR Sparisjóðurinn veitti átta félagasamtökum, sem starfa á sviði barna og unglinga með geðraskanir, samtals 21 milljón króna. Félögin fengu að meðaltali rúmlega 2,5 milljónir króna í sinn hlut.

Penningarnir söfnuðust í styrktarátaki Sparisjóðsins „Þú gefur styrk“ en því lauk á aðfangadag jóla. Til að taka þátt í átakanu þurftu viðskiptavinir Sparisjóðsins ekki að kosta neinu til, heldur aðeins að velja eitt af verkefnum átta og gaf Sparisjóðurinn jafnharðan þúsund krónur til þess verkefnis. Viðskiptavinir voru þó hvattir til að bæta við viðbótarframlagi. Hæstan styrk hlaut ADHD-félagið, 4,1 milljón sem verður varið til fræðslu, kynningar og námskeiðahalds á landsbyggðinni.

- kdk

Trúarbragðadagatal 2008:

Ólíkar hátíðir í sama dagatalinu

TRÚMÁL Í tilefni Evrópuárs jafna tækifæra hefur félagsmálaráðuneytið nú gefið út trúarbragðadagatal 2008. Hér á landi hefur verið unnið að tuttugu mismunandi verkefnum í tilefni Evrópuársins og er tilgangur þeirra að vekja athygli á rétti hvers einstaklings til jafna tækifæra í lífinu og að það sé hagur samfélagsins í heild að virðing sé borin fyrir fjölbreytileikanum.

Í dagatalinu er getið 150 hátíðisdaga og fjölmargra trúarbragða. Verður því dreift endurgjaldslaust í skóla, öldrunarheimili og á fjölmennigarlega vinnustaði en einnig má nálgast það á slóðinni www.island.is

- ovd

NÝTTU ÞÉR STIGHÆKKANDI VEXTI

Vaxtaþrep er sparnaðarreikningur sem býður upp á **háa og örugga ávöxtun.**

HELSTU KOSTIR VAXTAÞREPS:



LÁTTU
PENINGANA
ÞÍNA VINNA

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða í þjónustuveri í síma 440 4000

GLITNIR

LÉTT Á FÆTI

Góða skó er nauðsynlegt að eignast áður en farið er að stunda líkamsræktarstöðvagnar.

HEILSA 2



LÆRIR UM LÍKAMANN

Margrét Guðmundsdóttir lærir alls konar nudd í Nuddskóla Íslands.

NÁM 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

NÁMSKEIÐ Í ANDLITS OG HÖFUÐNUDDI

Frábært nudd fyrir húð og heilsu

Laugardaginn 26. janúar næstkomandi frá kl 11:00 til 15:00

- Punktanudd, indverst höfuðnudd
- Ilmolíunudd

Heilsusetur Þórgunnu • Egilsgötu 30 101 Rvk
heilsusetur.is • sími 896-9653 • prema@mmedia.is

Birkiaska

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239

www.birkiaska.is



BETUSAN



ENGLAKRÖPPAR

Við hjálpum þér að komast í form!

Við losum þig við appelsínuhúð slit, slappa húð & aukakíló 4, 6 og 8 vikna átak í boði Súkkulaðisvax, Brasilískt vax, Gel neglur, Fake bake brúnkumeðferð

Frábær tilboð á www.englakroppar.is

ENGLAKROPPAR / LANGARIMA 21 / S: 587 3750



VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"

Úlfur Arnason gleymir nammi-dögnum.



FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Nammi dálítið vont

Það eru ekki margir krakkar sem harðneita að borða pulsir með öllu og drekka ekki gos. Úlfur Arnason, átta ára nemandi í þriðja bekk í Mela-skóla, er hins vegar ekkert hrifinn af pulsum og drekkur ekki gos. Hinir krakkarnir í bekknum eru ekki alveg eins duglegir að sögn Úlfs.

„Sumir eru dálítið duglegir, en borða samt mikið nammi en mér finnst það dálítið vont, ég gleymi alveg nammi-dögnum og ég drekk heldur ekki gos,“ útskýrir Úlfur en segist drekka vatn og sólberjasaft. Ágústa mamma hans bætir því við að nokkur ár séu síðan Úlfur fór að kvarta yfir magapínu eftir að hafa borðað unnar kjöt-vörur eins og pylsur og bjúgu og hann hafi þá tekið mataræðið alveg í gegn sjálfur.

„Pabba mínum finnst nammi heldur ekki gott og ég borða grænmeti og pasta og spagettí, stundum pítsu, hún er góð,“ segir Úlfur, sem fær sér oft grænmetisþítsu eða pítsu með ananas. „Það er góður matur í skólanum,“ segir Úlfur „oft fiskur í matinn og stundum kjöt. Upphaldskjötið mitt er í karrí,“ segir hann og heldur áfram að telja upp það sem honum finnst gott að borða. „Upphaldsmaturinn minn er harðfiskur og pítsa, spagettí carbonara og lambakjöt eða lambakótelettur og líka íslensk kjötsúpa.“ Hana segist Úlfur fá hjá

ömmu sinni því mamma hans borði ekki lambakjöt. Úlfur nefnir líka fiskrétt sem kannski ekki allir krakkar væru hrifnir af. „Keilusteik! Ég man ekki hvar ég smakkaði hana fyrst en einu sinni keyptum við pínu keilusteik og þá fannst mér hún svo góð að ég vildi alltaf vera að borða hana,“ útskýrir Úlfur en segist lítið hrifinn af bleikju.

Úlfur æfir karate hjá Þórshamri og er kominn með appelsínugula beltið og segist vera nokkuð góður í kata. „Ég kann tvær og ég er að fara að æfa þriðju, stundum fer ég í kata-keppni og mér finnst það mjög gaman, ég byrjaði pínu að æfa fótbolta en annan daginn þá hætti ég. Ég er bara alls ekki hrifinn af fótbolta,“ segir hann en bætir því við að hann fari oft á trampólínið hjá ömmu sinni og fósturafa í Skjaldfönn á Vestfjörðum. „Stundum er ég eina viku en einu sinni var ég þrjár eða fjórar vikur, ég fer oft á trampólínið en næstum því aldrei á veturna samt,“ segir hann. Spurður um hvað hann ætli að verða þegar hann verður stór er Úlfur ekki alveg viss. „Kannski uppfinningamaður! Finna upp einhvern veginn skritið vélmenni með geislahendi.“ Hann segist annars ekkert vera fyrir tölvur. „Ég er ekki mjög hrifinn af tölvunni en fer stundum í tölvuleiki, það er bara einn leikur sem ég er hrifinn af sem ég man alls ekki hvað heitir en ég var að byrja í honum þegar þú komst.“

heida@frettabladid.is

JANÚAR

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY

í fínu formi

6 tommu bátur

299 kr.

Gildir í janúar 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnunáli

Six tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.

Nánari uppl. á www.subway.is

17

Subway staðir um allt land

SUBWAY
líka formi





Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

16. jan. Ævintýralíf kl. 19:00 - 21:00
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

17. jan. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið kl. 18.00 - 21.00
Meistarakokkar Maður lifandi

24. jan. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið kl. 18.00 - 21.00
Meistarakokkar Maður lifandi

Létt á fæti á nýju ári

Nýtt ár er gengið í garð með fögrum fyrirheitum og Íslendingar flykkjast inn á líkamsræktarstöðvarnar.

skiptir að vita hvað maður er að gera eða vera undir leiðsögn einhvers sem veit það svo líkamanum sé ekki misboðið á nokkurn hátt. Eins eru góðir skór nauðsynlegir því ef fótabúnaðurinn er ekki góður getur það valdið

ýmsum verkjum að æfingum loknum.

Þessa dagana eru útsölur úti um allt og því tilvalið að verða sér úti um almennilega skó á góðu verði áður en haldið er í ræktina.

emilia@frettabladid.is

Útilíf. 17.990 kr.

Adidas Concept Store. 6.594 kr.

Adidas Concept Store. 10.194 kr.

Sportland. 15.990 kr.

Útilíf. 14.990 kr.

Sportland. 19.990 kr.

Stinnari á 4 vikum...

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!



SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

eða 6.660 á mán. í 3 mán.



Upledger Stofnunin á Íslandi heldur byrjendanámskeið í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 6. - 9. mars næstkomandi í Reykjavík.

Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótél Sögu. Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi. Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is

Reiki

Heilunar- og sjálfstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

I. stig helgarnámskeið
9. - 10. febrúar

II. stig kvöldnámskeið
12. - 14. febrúar

Auktu styrk þinn

Sjálfstyrkingarnámskeið
23. - 24. feb. helgarn.



Guðrún Óladóttir reikimeistari og hómópati

Pantanir í síma 553 3934, milli kl. 10 og 13 virka daga. Pantanir óskast staðfestar.

Borðaðu þig granna(n)



Nánari upplýsingar
Sími 865-8407

www.vigtarradgjafarnir.is

Má bjóða þér upp á ljúffengan grænmetisrétt í kvöld?

NÝTT

Fullbúin máltíð á innan við 5 mínútum

allt

nám o.fl.

Góður blýantur kemur sér oft vel við leik og störf og þá ekki síst í námi. Maður veit aldrei hvenær þörf er á að punkta eitthvað merkilegt hjá sér og þá er gott að hafa almennileg skriffæri við höndina.



Lærir inn á líkamann

Nám í Nuddskóla Íslands er fjölbreytt og þar er tekið fyrir allt er við kemur nuddi. Margrét Guðmundsdóttir er nemi við Nuddskólann og líkar námið þar vel.



Margrét er sjúkraliði en bætti við sig námi í Nuddskóla Íslands og líkar vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Vanalega er nuddnámið tvær annir eða eitt ár en ég er núna á mínu öðru ári. Ég fékk að skipta þessu á tvo vetur þar sem ég er sjúkraliði og bætti þessu við þannig að ég þurfti að taka nokkrar greinar í Fjölbautaskólanum í Ármúla,“ segir Margrét en vanalega er það inntökuskilyrði í Nuddskóla Íslands að nemendur hafi lokið námi af námsbraut fyrir nuddara við Fjölbautaskólann í Ármúla eða samsvarandi námi úr öðrum skólum.

„Í náminu er farið í svæðanudd, shiatsu-nudd, sogæðanudd, klassískt nudd, heildrænt nudd og íþróttanudd. Þetta er heilmikið á einum vetri þar sem skólinn er frá fimm til níu þriðjudaga til miðvikudaga og svo er kennt aðra hverja helgi og þá bætist við föstudagur og laugardagur frá níu til hálfíttíu,“ útskýrir Margrét áhugasöm. Nemar útskrifast sem nuddarar að námi loknu af nuddbraut Fjölbautaskólans í Ármúla í samstarfi við Nuddskóla Íslands og hljóta þá útskriftarheitið heilsunuddari. Þá hafa nemendur lokið bóklegum greinum af nuddbraut, verklegum námsþáttum hjá Nuddskóla Íslands og starfsþjálfun á viðurkenndum nuddstofum undir

handleiðslu viðurkennds nuddmeistarar í Félagi íslenskra heilsunuddara.

„Fornámið á nuddbraut í Fjölbautaskólanum í Ármúla er um tvö ár og svo er farið í verklegt nám í Nuddskólanum. Námið hentadi mér vel þar sem ég er með stórt heimili og á fjóra stráka. Það er því nóg að gera,“ segir Margrét kímín og er afar ánægð með hversu vel það fer saman að vinna við nudd og reka heimili. „Ég fékk herbergi til leigu í Nuddskólanum og vinn þar á mánudögum og miðvikudögum og aðra hverja helgi.“ Margrét er ánægð með námið og segir að það hafi í raun komið sér á óvart hversu

viðamikið það er. „Maður lærir svo margt um líkamann. Vöðvafræðin er erfið en skemmtileg og námið mjög gefandi. Maður þarf að jarðtengja sig og vera meðvitaður um að ganga ekki of nærri sér,“ segir Margrét en það reynir vissulega á nuddara í starfinu og því mikilvægt fyrir þá að huga líka að sjálfum sér. „Ég reyni að fara í ræktina minnst tvisvar til þrisvar í viku og svo fer ég sjálf í nudd. Til að geta gefið öðrum þarf maður líka að fá eitthvað sjálfur. Ég miða oft við um það bil tíu nudd og þá fer ég sjálf í nuddtíma,“ segir Margrét, sem nýtur sín sem nuddari.

hrefna@frettabladid.is

TRIBAL MAGADANS

Nú er rétti tíminn til að öðlast algjört frelsi, frelsi sem fær okkur konur til að lifa lífinu lifandi og kallar fram okkar yndispokka. Pokka sem við allar búum yfir.

Hafnarfjörður - Íþróttahúsið Strandgötu

Byrjendur-mánud.kl.19.30 og miðvikud.kl.20.30

Reykjavík - Magadanshúsið

Byrjendur-mánud.og miðvikud.kl.17.00

Þriðjud.og fimtud.kl.21.00



Hringdu í s.865-3398 Guðni eða s.844-6716 Rositsa (eftir 17.00)
rositsa@simnet.is

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA

Fjarnám á vorönn 2008

Skráning fer fram
11.–20. janúar

á heimasíðunni

www.fa.is/fjarnam



allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan

Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík • Sími 577 4400 • Fax 577 4401



Toyota Previa 7 sæta. Árgæð 2002, Ekinn 70þús. Tilboðsverð: yfirtaka á láni og sölulaun. Verð 1,850,00

Bifreiðasalan
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

Arnarbílar



MAZDA 3 árg. 01/06, ek. 56þ.km., 5 girar 1.6L, Ný yfirfarið lakk, Góður bill, Verð 1.650 þ. áhv 1.200 þ. Nánari uppl á www.arnarbilur.is: 120011 S. 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfafiöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is



Mazda 3, árg. 2007, ek.7þús.km, Verð 1990þús.kr. Gullfallegur bill!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf



Ford Explorer XLT, árg. 2006, ek. 40 þús.km., 7manna, 6cyl. sskj. Glæsilegur bill, verð kr. 2.980.000,- 100% lán, mánaðargreiðsla kr. 45.000. Uppl. í s. 821 6292.



Ford Explorer XLT, árg. 2006, ek. 40 þús.km., 7manna, 6cyl. sskj. Glæsilegur bill, verð kr. 2.980.000,- 100% lán, mánaðargreiðsla kr. 45.000. Uppl. í s. 821 6292.



GM Chevrolet Suburban LT - K1500, árg. 2007, bensín, 7manna, leður og flo. fl., ek. 25 þús., dökkblár, bensíneyðsla 16 lítrar á 100km, verð kr. 5.900.000. Uppl. í s. 821 6292 & 893 6292.



Peugeot Boxer, diesel, pallbill, árg. 2004, ek. 71 þús.km., álpallur, 100% lánað, verð 1.590.000,- m.vsk. S. 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu



ARAMÓTA KNALL!!!
Brunaútsala ársins!
islandus.com
Sími 552 2000



YFIRTAKA!
DODGE DURANGO 4x4.SLT-HEMI.2005 Einn gullfallegur og vel búinn. Td, leður,TV-DVD,rafmagn í öllu,lit-að gler,7manna,17"vetrardekk,sk 09.Svartur.Ekinn 60þús.km.Ásett 3390þús. Fæst á yfirtöku á láni uppá ca 2.9. Uppl. í s. 867 8797



M Benz ML 500 árg.'03 Ek. 35 þ. Eins og nýr. Ásett verð 4.4. Áhv. 3.5. Ath skipti á breyttum jeppa. Uppl. í s. 840 0818.



M. Benz 300 E 4 MATIC Árg. '91 Ekinn 195 þús. km. Nýleg 4 Matic VERÐTILBOÐ S: 896-1067



Til sölu Dodge Stratus árg. 12'01. Verð 850 þús. Áhv. 700 þús. Ek. 62 þús. míl. Ssk. 2,4 bensín og dökkar rúður. Uppl. í s. 821 4236.



Toyota Yaris árg. '06 ek. 59 þ. Verð 1150 þ. Yfirt. lán 18 þ. á mán. S. 699 7371.



Subaru Legacy Lux Station, árg.'05 ek. 45 þús. km. Leður, Álfegur, dráttar-beisli, hiti í sætum ofl. verð 2390þ. Áhvílandi 1950þ. Afborgun 36þús. á mán. Uppl. í s. 660 1334.



Toyota Corolla
Árg. '02 ek. 99 þ. beinskjptur, 5 dyra með dráttarbeisli og spoiler. Verð 790 þ. S. 894 3755.



VW Caddy árg. '07, ek. 9 þús. Yfirtaka á 100% láni. Yfirtaks vinnubíll. Uppl. í s. 698 4762.



Hestaflutninga bíll
Renault Midliner S180,09 árg. 1997 ek. 248.997. 12 hesta bíll, nýsk. 08 allt nýtt í bremsum mjög góður bíll. Verð. 1.450.000. Uppl. í s. 895 8873.

Dodge Caravan árg.'06. Til sölu gegn yfirtöku á láni. Uppl. í s. 822 1736.

Lítið ek. Yfirtaka!
Hyundai Getz '05 ek. 28 þ. Gott lán í ábyrgð. Uppl. í s. 695 2031.

Til sölu BMW 316 árg.'87, sk.'08. Einstakt eintak. Tilboð. Uppl. í s. 691 1989.

VW Passat diesel, 4x4, árg. '05, ek. 99 þ. Verð 1890. Tilboð 1590 stgr. Uppl. í s. 899 0407.

Ótrúlegt verð 60 þ. út
Suzuki Grand Vítara 11/05. Ek. 68 þ. Ssk. Leður, hiti í sætum, rafm. í rúðum CD, Toppbíl. Ásett V. 2.1 míl. Tilboð 60 þ. út. Áhv. rúml. 1.6 míl. S. 691 9374.

Ódýr 4x4
Suzuki Baleno 4x4 árg. '99, ek. 110 þús. 4 dyra, CD. V. 100 þús + lán 250 þús. S. 691 9374.

Toyota Avenis station, árg. '04, ek.77þ. Verð 1450þ., áhvílandi 600þ. Uppl. í s. 822 4592.

Til sölu M.Benz árg 1994 Dísel. Ek 261 þ.km, topplúga, álfegur mikið yfirfarinn og heillt eintak uppl. hjá Bílasölu Íslands 510 4900.

95.000
MMC Lancer árg 1996 nýsk.08 ekinn 274,000 station uppl. í síma 895-8873

55.000
Suzuki Baleno árg. 1997, ekinn 200 þ. Parfnast smá viðgerða, þó ökuhæfur. Uppl. í síma 895 8873.

0-250 þús.

Til sölu er Volvo 850 '93 2.0 Ssk., Verð 130. Sk.'08. þús S. 868 8565.

1-2 milljónir



Subaru Impreza Turbo GT st, árg.'00. Ný túrbína, blitz túrbo timer, nýjar 19" álf. á nýjum dekkjum. Smurbók. STI kíttaður og fullt af aukab. Eins og nýr að innan. V. 1950 þ. Uppl. 824 4139.

2 milljónir +



CHEVROLET MALIBU HYBRID
164hp - 7,4L/100km!
Áður Óþekkt Haghvæmni!
islandus.com
Sími 552 2000



Til sölu Ford Edge sel Awd „07“ ek 1þ m sjalsk.leður,rafm í sætum ofl, verð 4.3 bein sala uppl 8632105



Lincoln Navigator
árg 2004 með öllu DVD topplúgu leðri nýjar 24" krom felgur og dekk pakki uppá milljón ásett 5,4 ákv. 4,7 skoða skipti á ód. uppl í síma 895-8873

Til sölu Subaru Legacy, árg. 2006. Ek. 57.000, blágrár, upphækkaður og með dráttarkúlu. Leðurklæðning og topplúga.Staðg. 2.500.000. Uppl. 696 1544.

Jeppar



Toyota Land Cruiser 120 GX 33"árg.'03. Ek.107 þ.km.ssk. 2982cc. Dísel, dráttark. filmur og reykl. V. 3.690 þ. S.6608848



ARAMÓTA KNALL!!!
Stærsta Bílaútsala Ársins!
islandus.com
Sími 552 2000



TOYOTA HIGHLANDER HYBRID
270hp - 7,5L/100km!
islandus.com
Sími 552 2000



Nissan Patrol 44". 11. 2004. Leðurklæddur, ssk., topplúga, einn með öllu tilbúinn á fjöll. Verð 6,8 millj. S. 862 5477 eftir kl. 17 sunnudag.



Isuzu Trooper. Árg '99. Ekinn 178 þús. 5g. 33" dekk. Verð 950 þús. Uppl. í s. 868 8565. Ath. sk. á ód.



Til sölu Land Cruiser 100 Dísel, árg. 08/05 með nýjasta útlitinu. Ek. 44 þús. Eins og nýr. Gylltur og ljóst leður. V. 6,5 míl. Uppl. í s. 896 9620.

Fornbílar



Til sölu Lincoln Continental Town Car, árg. '79. Ek. 67þ. mílur. 8 sílindra vél. Billinn er sérpantaður frá verksmiðju og í toppstandi. Ymis skipti koma til greina. Sjón er sögu ríka. Uppl. í s. 697 9003.

Pallbílar



ARAMÓTA KNALL!!!
Brunaútsala ársins!
islandus.com
Sími 552 2000



MMC L200 2,5 dísel *NÝR* ek. 0 km. álfegur. 31,5" dekk, flottur bill verð 2.990 þ. Tilboð 2.660 100% lán mögulegt ATH skipti. Uppl. í s. 660 1334.

Vörubílar



Til sölu Eurotrailer malarvagn, árg. 2004, dreginn 180 þús km, mest með malbik. álfegur, 10mm slítal í botni og aukaslíplötur í hlíðum. utanálggjandi gaff, seglyfirbreiðsla. Þyngd 5,4 t. Verð : 2,8 millj. S. 894 2097



Volvo FH12 460 2000 ekin 325þ. þjónustaður af Brimborg og Siggavagn árg 1997 í góðu standi. Hvortveggi í góðu viðhaldi. Klárt í vinnu. uppl. 8945985

Mótorhjól



GASGAS 250 cc árg. 2005, nýlegur stimpill, gøtuskráð, hjól í góðu standi. Fæst á 100% láni, aðeins 11 þús. á mánuði, eftirstöðvar aðeins 470 þús. ca. uppl. í s. 660 1334.

Fjór hjól



Honda TRX 400, árg. 2006 og Honda TRX 450R, árg. 2005. Topp hjól. S 898 2811.



ÞRIÐJUDAGUR 15. JANÚAR 2008

Jósef Valgarð formaður á ný

Ný stjórn var kjörin á framhalds- aðalfundi Hrossaræktarsamtaka Austurlands á dögunum. Nýja stjórn skipa þeir Jósef Valgarð Þorvaldsson formaður, Gunnar Jónsson varaformaður, Jónas Hallgrímsson gjaldkeri, Ragnar Magnússon ritari og Sigurhans Jónsson meðstjórnandi. Jósef Valgarð, eða Valli á Víðivöllum eins og hann er kallaður, var lengst af formaður HrAust er formannskipti urðu í hittifyrri þegar Guðröður Ágústsson á Hryggstekk bauð sig fram gegn honum. Á síðasta aðalfundi hafði Jósef Valgarð betur með einu atkvæði.

Maggi Kjartans stjórnar Brokkkórnum

Magnús Kjartansson hefur tekið að sér að stjórna Brokkkórnum næsta eina og hálfra árið í fjarveru Gróu Hreinsdóttur sem stjórnad hefur kórnum um árabíl. Fyrsta æfing með Magga er annað kvöld kl 20.00 í Fákshéimilinu. Mikil og stór verkefni eru fram undan hjá kórnum og má þar nefna söng á Landsmóti hestamanna næsta sumar. Í Brokkkórnum er hress fólk af báðum kynjum og á öllum aldri, en ennþá er pláss fyrir góðar raddir. Sjá www.123.is/brokk



Samantha Leidesdorff heimsmethafi í 150 m skeiði. MYND/EIRIKUR JÓNSSONEINARSSON

Heimsmet í 150 m skeiði

Hin danska Samantha Leidesdorff setti heimsmet í 150 metra skeiði á Mondrian vom Lucahof síðastliðið sumar, 13,75 sekúndur. Fyrri metið átti Guðmundur Björgvínsson á Redda frá Lykkegarden, 13,8 sekúndur. Samantha er búsett í Þýskalandi og er kona hins kunna hestamanns og reiðtygjaframleiðanda Herberts Ólasonar (Kóka). Hún á að baki glæsilegan keppnisferil, einkum í fimm-gangi og skeiði. Mondrian er ellefu vetra geldingur, undan Glitni (Andra) frá Stóra-Hofi og Móniku frá Keldudal. Íslandsmetið í 150 metra skeiði er 13.62 sekúndur. Það setti Logi Laxdal á Þormóði Ramma á Meistaramóti Andvara 2001. Svo virðist sem aldrei hafi verið sótt um staðfestingu til FEIF á því meti sem heimsmeti.



Glúmur frá Stóra-Ási, sonur Hröðurs frá Refsstöðum. Hröður hefur sannað sig sem afburða kynbótahestur. MYND/JENS EINARSSON

Landsmót afkvæmahesta

Óvenju margir stóðhestar standa nú vel hvað afkvæmi varðar.

Landsmótið 2008 verður mót afkvæmahesta ef fram fer sem horfir. Að vísu er aðeins einn hestur sem þegar hefur áunnið sér rétt til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi, Kormákur frá Flugumýri, sem einnig átti þann rétt á LM2006 og er nú með 119 stig og 61 dæmt afkvæmi. En hvorki fleiri né færri en fimm hestar eiga möguleika á vori komanda, þar af eru fjórir synir Orra frá Þúfu.

Heitastur er Hröður frá Refsstöðum, sem nú er með 125 stig í

kynbótamati og 46 dæmd afkvæmi; hann vantar aðeins fjögur og er hátt yfir mörkum. Roði frá Múla er rétt yfir lágmarkum með 119 stig en vantar ekki nema fimm afkvæmi, á 45 dæmd. Sær frá Bakka-koti er með 129 stig og 36 afkvæmi og Markús frá Langholtsparti 127 stig og 37 afkvæmi. Sveinn-Hervar frá Þúfu á einnig möguleika, er með 119 stig og 36 dæmd afkvæmi.

Þá má ekki gleyma Dyn frá Hvammi, með 118 stig og 46 dæmd afkvæmi, en hann hefur ekki verið sýndur til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi og frekar er reiknað með að eigendur hestsins velji þá leið fyrst.

Sex stóðhestar hafa áunnið sér rétt til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi eins og staðan er núna í kynbótamatinu.

Dynur hefur verið nefndur en síðan eru þeir Huginn frá Haga, 119 - 16, Víkingur frá Voðmúlastöðum, 118 - 36, Töfri frá Kjartansstöðum, 118 - 25, Smári frá Skagaströnd, 114 til 30, og Tývar frá Kjartansstöðum, 113 - 41. Þá eru nokkrir yngri stóðhestar heitir í fyrstu verðlaunin. Aron frá Strandarhöfði er með 122 stig og 11 dæmd afkvæmi, vantar aðeins fjögur, Þyrnir frá Þóroddsstöðum, 117 - 19, Stæll frá Miðkoti, 117 - 13, og Asi frá Kálfholti, 112 - 30.

Glæsileg reiðhöll á Grænhóli

Hestamiðstöðin á Grænhóli í Ölfusi er án efa ein sú glæsilegasta á landinu. Hún var vígð með pompi og prakt laugardaginn 29. janúar síðastliðinn að viðstöddu fjölmenni.

Gunnar Arnarson og Kristbjörg Eyvindsdóttir létu til skarar skriða á síðastliðnu ári og reistu glæsilega reiðhöll á búi sínu á Grænhóli í Ölfusi. Einnig stækkuðu þau hesthúsið og nú er hægt að hafa fjórutíu hross á járnum á Grænhóli, þar af tuttugu stóðhesta.

Fyrir þá sem ekki til þekkja er rétt að geta þess að hross fjölskyldunnar eru kennd við Auðsholtshjáleigu í sömu sveit, en sú jörð er einnig í þeirra eigu. Hrossaræktarþúfið Auðsholtshjáleiga hefur átta sinnum verið tilnefnt til ræktunarverðlauna ársins og þrisvar hlotið þann titil.

Nýja reiðhöllin er límtréshús frá BM Vallá, klætt með hvítum yleiningum. Þessi hús eru mjög björt og hlýleg. Gólfplöturinn er 20 sinnum 50 metrar og lítill



Þórdís Erla og Eyvindur Hrnar, Gunnarsbörn, vígðu höllina á glæstum gæðingum. Hér eru þau ásamt foreldrum sínum, Gunnari og Kristbjörgu. MYND/JENS EINARSSON

áhorfendastúka í öðrum enda hallarinnar.

„Þetta mun gjörbreyta vinnu- aðstöðunni,“ segir Gunnar. „Þetta þýðir einfaldlega að það er hægt að taka upp reglulegan vinnutíma, óháð veðri og vindum. Það næst ekki sambærilegur árangur í tanninum þegar vinna þarf utan dyra í misjöfn-

um veðrum, til dæmis eins og tíðin er búin að vera í haust, rok og rigning flesta daga.“ Framkvæmdir við reiðhöllina á Grænhóli hófust í apríl á síðasta ári og ljóst að ekki hefur verið slegið slöku við. Gunnar segir kostnaðinn viðráðanlegan. „Við höfum verið heppin. Hrossin hafa byggt þetta yfir sig sjálf.“

Íslandsmótið í tvennu lagi

Íslandsmót í hestaþróttum verður haldið í tvennu lagi á þessu ári eins og undanfarin ár. Hestamannafélagið Fákur tók að sér að halda bæði mótin og fyrsta áætlun var sú að halda þau á sömu helgi, en á hvort á sínum velli. Stjórn LH sendi fyrirspurn til Fáks og það um rökstuðning fyrir breyttu fyrirkomulagi. Eftir að hafa farið yfir málið aftur var tekin sú ákvörðun að halda mótið í tvennu lagi. Íslandsmót fullorðinna verður því haldið 24. til 27. júlí, eins og til stóð, en Íslandsmót barna 14. til 17. ágúst. Stjórn LH hefur staðfest beiðni frá Fákí um nýja dagsetningu.



Samúel Örn Erlingsson. MYND/JENS EINARSSON

Hefði sett Þórarin í topp tíu

„Ég hefði sett Þórarin Eymundsson í topp tíu ef ég hefði tekið þátt í valinu,“ segir Samúel Örn Erlingsson, íþróttafréttamaður með meiru. Margir hestamenn voru ósáttir við val á íþróttamanni ársins og þeim finnst hestaþróttirnar fá litla athygli. Samúel Örn bendir á að flest íþróttafólk upplifi það að finnast „sín grein“ sniogengin. Það séu hins vegar margir að standa sig mjög vel og baráttan sé hörð. „Þórarinn lenti í tólfta sæti, sem er mjög gott. Stigagjöfin er þess eðlis að það getur verið tilviljun háð hvort menn lenda í topp tíu eða fyrir utan.“

Sjá frétt á bls. 2

Æskan og hesturinn á DVD-disk

Sýningin Æskan og hesturinn er ein stærsta og best sóttá reiðhallarsýningin á hverju ári. Sýningin er haldin í mars á hvert. Að sýningunni standa hestamannafélög in á suðvesturhorni landsins: Máni í Keflavík, Sörli í Hafnarfirði, Sóti á Álftanesi, Andvari í Garðabæ, Gustur í Kópavogi, Fákur í Reykjavík og Hörður í Mosfellsbæ.

Nú hefur verið gefinn út DVD-diskur frá sýningunni 2007. Öll sautján sýningartriðin sem voru á sýningunni eru á diskunum, sem er rúmlega klukkustundar langur. Hagnaður af sölu hans rennur til æskulýðsstarfa félaganna. Diskurinn kostar þúsund krónur og meðal annars er hægt að nálgast hann á skrifstofu hestamannafélagsins Fáks (sími 898-8445).

lh hestar

ÍÞRÓTT · MENNING · LÍFSSTÍLL



Málgagn Landssambands hestamannafélaga

Útgefandi: Landssamband hestamannafélaga

Heimilisfang: Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Netfang: lh@isisport.is Sími: 514-4030

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Jens Einarsson

Netfang: jenseinars@simnet.is Sími: 862-7898

Auglýsingar: Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson

sími: 512-5435 gsm. 822-5062

HELSTU SAMSTARFSADILAR LH ERU:



EFTIR HÖFÐINU DANSA LIMIRNIR

Á síðari árum hefur slysum sem tengjast hestum og reiðmennsku fjölgað. Nú er sá árstími þegar flestir eru að taka hross á hús og á sama tíma fjölga einnig þeim slysum þar sem umferð bíla og hrossa skarast. Skýringin er oftast sú sama hjá öllum: „Ég sá ekki manninn fyrir en of seint.“

Og skyldi engan undra. Þeir sem ekið hafa um lítt eða ekki upplýsta vegi eða vegarslóða vita að nær ógjörningur er að sjá dökkklætt, gangandi fólk eða ríðandi fyrir en alveg er komið að því og þá getur því miður verið of seint að bregðast við. Þess vegna er svo mikilvægt að sjást tímulega, til þess að öllum geti gert viðeigandi ráðstafanir sem koma í veg fyrir slys. Töfraorðið er: ENDURSKINSMERKI.

Þessi litla, ódýra og handhæga lausn gæti bjargað lífi þínu eða þinna nánustu. Í sérvörslunum fyrir hestamenn fást endurskins- og ljósmerki í ágætu úrvali sem ætluð eru á bæði á hesta og knapa. Þegar ekið er eftir óupplýstum vegi á 50 kílómetra hraða á klukkustund á ökumaðurinn enga möguleika á því að stöðva í tæka tíð ef ríðandi maður er ekki með endurskinsmerki. Sá sem er með endurskinsmerki sést aftur á móti 100 til 110 metrum fyrir en hinn.

Notkun reiðhjálma hefur farið vaxandi undanfarin ár. Það er aftur á móti áhyggjuefni að svo virðist sem hinn almenni hestamaður sé mun ábyrgari í þeim efnum en þeir sem hafa hestamenskuna að atvinnu. Það skýtur svolítið skökku við þar sem ætla má að tamningamenn, og aðrir sem þjálfa hesta, séu í mikilli hættu af að detta af baki. Þekktir hestamenn eru átrúnaðargóð og fyrirmyndir barna og unglinga sem eru að byrja í hestamenskunni og því mikill ábyrgðarhluti að sýna gott for-dæmi í þessu skemmtilega sporti – hvort sem um er að ræða endurskins-merkja- eða hjálmanotkun – því eftir höfðinu dansa limirnir!



Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnarlífi hjá VÍF.

Sýningaáætlun 2008

Sýningaáætlun kynbótahrossa hefur verið gefin út. Fyrsta kynbótasýning ársins verður að venju á Sauðárkróki í lok apríl. Athygli vekur að kynbótasýning í Reykjavík er nú á dagskrá aftur eftir að hafa legið niðri í nokkur ár. Verður sú sýning 13. til 16. maí. Engin sýning er aftur á móti skráð í Kópavogi. Stærstu sýningarnar verða að venju á Gaddstaðflötum og í Hafnarfirði.

■ 25.4-26.4	Sauðárkrókur
■ 13.5-16.5	Reykjavík
■ 14.5-16.5	Eyjafjörður
■ 19.5-23.5	Hella
■ 26.5-30.5	Hella
■ 26.5-27.5	Borgarfjörður
■ 28.5-30.5	Sauðárkrókur
■ 2.6-6.6	Hafnarfjörður
■ 9.6-13.6	Hafnarfjörður
■ 2.6	Hornafjörður
■ 3.6-4.6	Fljótsdalshérað
■ 5.6-6.6	Hvammstangi
■ 10.6-13.6	Eyjafjörður
■ 30.6-6.7	LM - Hella
■ 14.8-15.8	Blönduós
■ 18.8-22.8	Hella
■ 27.8-29.8	Eyjafjörður/Skagafjörður

Á skilið fulla athygli

Það olli nokkrum vonbrigðum hjá hestamönnum að Þórarinn Eymundsson skyldi ekki vera meðal tíu efstu í kjöri íþróttamanns ársins 2007. Létu menn óspart í ljós skoðanir sínar á vefmiðlum hestamanna.

„Það leikur enginn vafi á því í hugum okkar hestamanna að reiðmennska er íþrótt sem á skilið fulla athygli,“ segir Haraldur Þórarinnsson, formaður LH. „Það er líka skoðun margra annarra og því til stuðnings má geta þess að það gerist algengara með hverju árinu að sveitarfélög og héraðssambönd kjósi knapa sem íþróttamenn ársins á sínu svæði. Þórarinn Eymundsson er til að mynda íþróttamaður Skagafjarðar 2007 og Sigursteinn Sumarliðason íþróttamaður Árborgar 2007.“

Einnig má minna á að Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, sá ástæðu til, eftir veru sína á HM07, að vekja athygli á hve heimsmeistararamót íslenska hestsins eru almennt vanmetin. Það mat sé byggt á misskilningi og vanþekkingu. Ég er ekki að gera lítið úr vali íþróttamanna og tel víst að þeir hafi vandað það vel. Ég hef þó vissar efasemdir um að þeir meti hestaíþróttina að verðleikum,“ segir Haraldur.

SIGURBJÖRN HAFÐI YFIRBURÐI

Það má hins vegar líka velta upp þeirri spurningu hvort hestamenn séu ekki full hörundssárir í þessu tilliti og ofmeti árangur sinna manna. Samúel Örn Erlingsson, íþróttfréttamaður á RÚV til fjölda ára og formaður nefndar um val á hestaíþróttamanni ársins, bendir á að árangur íslenskra knapa hafi stundum áður verið betri en nú.

„Árangur Þórarins Eymundssonar er glæsilegur, á því leikur enginn vafi og að mínu mati hefði hann átt að vera á meðal tíu efstu. Hann hlaut tvo heimsmeistararitla og tvo Íslandsmeistararitla á árinu, auk nokkurra annarra verðlauna og braut með því að vinna fimmgang og tólt á sama hesti í annað sinn á Íslandsmóti. Stigagjöfin er þess eðlis að það getur verið tilviljanakennt hvar í röðinni menn lenda. Það er því ekkert hægt að fullyrða um að þeir hafi hundsáð árangur Þórarins.“

En til samanburðar þá var Sigurbjörn Bárðarson, hestamaður og knapi, kjörinn íþróttamaður



Þórarinn Eymundsson og Olíi Amble voru valin hestaíþróttamaður og hestaíþróttakona ársins af Landssambandi hestamannafélaga. Þórarinn á Krafti frá Bringu fyrir ofan og Olíi á Suðra frá Holtsmúla að neðan.

MYNDR/JENS EINARSSON

ársins, árið 1993. Það ár vann hann 58 gullverðlaun, þar af þrjú heimsmeistararitla, nokkra Íslandsmeistararitla, auk fjölda annarra titla og verðlauna á Suðurlandsmóti, íþróttamóti Fáks og fleiri mótum. Afköstin voru gríðarleg og árangurinn glæsilegur, um það varð ekki deilt.“

ENGINN HESTABLAÐAMAÐUR

Það eru Samtök íþróttamanna, SÍ, sem velja íþróttamann ársins ár hvert. Rétt til að gerast fullgildur félagi í samtökunum, og hafa þar með kosningarétt í kjöri

íþróttamanns ársins, hafa þeir sem sannarlega hafa fastráðningu á fjölmiðli sem íþróttablaðamenn og hafa aðalvatninn af því starfi. Full félagsaðild er þó háð samþykki tveggja þriðju hluta félagsmanna á aðalfundi eða félagsfundi. Íþróttaljósmyndarar hafa til þessa ekki fengið fulla aðild. Það er því ekki hlaupið að því að fá inngöngu í SÍ, en vafalítið myndi það styrkja stöðu hestaíþróttarinnar í kjöri íþróttamanns ársins ef hestablaðamenn ættu þar sæti. Eftir því sem næst verður komist hefur enginn slíkur sótt um inngöngu í SÍ.

Allir á sinn bás

Fjölmargir hestamenn sem keypt hafa hlut í sameiginlegum hesthúsum hafa orðið fyrir óþægindum vegna þess að ekki hefur verið hægt að skrá hlutann sem séreign.

Síðastliðið haust voru gerðar breytingar á lögum um eignaskiptayfirlýsingar á hesthúsum. Þeir sem eiga hluta í hesthúsi, eina eða fleiri stíur eða bása, geta nú fengið sér fastanúmer og þinglýst sínum hluta sérstaklega. Þetta kemur meðal annars í veg fyrir að veð sé tekið í allri eigninni (öllu hesthúsinu) og gerir einstaklingum einnig kleift að veðsetja sinn hluta óháð samþykki annarra eigenda í húsinu.



Þetta vinalega hesthús í Gönguskörðum í Skagafirði kærir sig örugglega kollótt um hvort eða hvernig það er skráð hjá fasteignamatinu.

„Hér er um mikla réttarbót að ræða,“ segir Ragnar Tómasson lögfræðingur, sem hefur um árabíl rekist í þessu máli í kerfinu. „Hesthús, eða öllu heldur hlutar í

þeim, hafa í áratugi gengið kaupum og sölum, oft án þess að fullnægjandi eigendaskipti hafi farið fram. Það þekkjá örugglega margir sem hafa keypt hesthús að það þarf að fara að leita að fyrri eignum til að loka málum svo hægt sé að fá eignina skráða á videigandi hátt. Það vantar jafnvel eina kynslóð inn í. Nú geta þeir sem vilja snúid sér til löggiltra aðila, látið teikna upp húsin og þinglýst sínum hluta.“

Hægt er að finna allar upplýsingar um þessi mál á vef fasteignamats ríkisins, www.fmr.is, undir skráning mannvirkja og þar undir eignaskiptayfirlýsingar.

Nú með bakkmyndavél



Erum að afgreiða út síðustu nýju dísel pallbíla sem fást án hraðatakmarkara. Eigum nokkra nýja Ford F350 King Ranch og Lariat einnig Dodge Ram Quad Cab Laramie.

(Samkvæmt Evrópu reglugerð sem tók gildi 1 janúar 2008 fást þessir bílar ekki skráðir nýir hér á landi þar sem hraðatakmarkari fyrir þessar bifreiðar er ófánlegur)

Komið og skoðið Amerísku lúxusjeppana hjá okkur

Cadillac Lincoln Ford GM. Einfaldlega glæsilegust bílarnir á markaðnum á besta verðinu.



2008 Chevrolet Suburban 1500 Z71 Off Road. Vél V8 5,3L 310 hö.

Hlaðin aukabúnaði t.d. DVD, Navigation, bakkmyndavél, fjarstart, bakkskynjarar, topplúga, fæst bæði 7 og 8 manna. Komið í sýnigarsal okkar og berið hann saman við helmingi dýrari lúxus jeppa sem eru á markaðnum í dag og sannfærist um að hjá okkur eru lang bestu kaupin.

Hafrar & bygg

Orðið **gan** er notað um hesta sem eru ofreistir, með „snoppuna upp í loftið“. Slíkur höfuðburður á hesti er orðinn sjaldgæfur samhliða framförum í tamningu og þjálfun. Í íslenskrá orðabók merkir **gan** **flan** eða æðibunugangur. Er það náskyllt kvenkynsorðinu gönur, sem merkir **afskeiðisflan, villigötur eða ógöngur**; að láta hlaupa með sig í gönur. Að hugtakið hafi verið yfirfært á hesta í áður nefndu samhengi er líklegast vegna þess að þegar hross hlaupa „gönuhlaup“ frjálst í náttúrunni, óttaslegin í æðibunugangi, reisa þau gjarnan hálsinn og teygja höfuðið upp og fram (gana), meðal annars til að sjá og heyra betur.

Orðið **yfirlína** er ekki til í íslenskrá orðabók, en er notað yfir tiltölulega nýtt hugtak í hestamennsku. Þegar talað er um yfirlínu hests er átt við form hestsins: frá lend, um bak, makka, og fram á snoppu; hvernig hann ber eigin þunga og knapans uppi. Talað er um að hestur hafi **sterka yfirlínu** þegar hann er orðinn það þjálfður að hann getur lækkað lendina með því að færa meiri þunga á afturfætur og kreppt þá um hækilinn, spennt bak- og kvíðvöðva og haldið bakinu uppi (og látið það fjaðra undir knapanum), hvelft makkann og lyft framhlutanum (gengið upp í herðum og aukið hreyfingar framfóta).

Burður er tískuorð í hestamennskunni. Sagt er að hestur sé kominn í burð. Er þá átt við að hann sé orðinn nægilega þjálfður til að forma **sterka yfirlínu**. Í hefðbundinni merkingunni er orðið burður oftast notað um að bera eitthvað: Þetta er mikill burður. **Burðardýr** hefur bæði gamla og nýja merkingu.

Hestburður er það magn sem einn hestur getur borið (af heyi, koffortum, og svo framvegis). Burður á líka við um það þegar spendýr (mörg hver, kvendýr) fæða af sér afkvæmi: **sauðburður, Krists burður**. Orðið er einnig notað í fleirtölu: **Að hafa burði** (til að bera mikið). Hestamenn hafa hins vegar fært orðið í eintölu til að tálka umrætt hugtak og hljóma setningarnar gjarnan á þessa leið: Hann er bara ekki kominn í neinn burð, eða:

Hann er kominn í svo ofboðslegan burð. Væri kannski réttara að segja: **Hesturinn hefur enga burði... eða, hesturinn hefur burði...?**

Reiðhöll rís á Flúðum

Framkvæmdir eru hafnar á reiðhöll á Flúðum sem mun rúma 150 manns í áhorfendabekki.

Fyrsta skóflustungan að reiðhöll á Flúðum var tekin hinn 6. janúar. Reiðhöllin er á svokölluðum Lambatanga, sem er skammt frá verksmiðju Límtrés. Reiðhöllin er 22 sinnum 50 metrar að flatarmáli og áhorfendabekkir verða fyrir 150 manns. Einnig verður í höllinni hesthús fyrir um tíu til tólf hesta og félagsaðstaða á efri hæð. Gert er ráð fyrir löglegum keppnisvelli með beinni braut við reiðhöllina ásamt æfingavelli. Það er því ljóst að hér er um mikið framfaraskref að ræða fyrir Smárafélag og aðra hestamenn á svæðinu.

Að byggingunni standa Hestamannafélagið Smári, Hrossaræktarfélag Hrunamanna og Búnaðarfélag Hrunamanna ásamt sveitarfélögum Hreppa og Skeiða. Um verkið sjá Límtré og Yleiningar ásamt Gröfútækni ehf. sem sér um jarðvinnu. Þorsteinn Loftsson húsmiðameistari mun sjá um vinnu við sökklá og aðra steypuvinnu.



Heiðursfélagar Hestamannafélagsins Smára tóku fyrstu skóflustunguna að reiðhöllinni. Frá vinstri: Jóhanna Briet Ingólfssdóttir, Haraldur Sveinsson, Rosemarie Þorleifsdóttir, Þorsteinn Vigfússon og Magnús Gunnlaugsson. MYND/SIGURÐUR SIGMUNDSSON

Top Reiter opnar verslun

Feðgarnir Herbert Ólafsson og Ásgeir Herbertsson hafa opnað hestavörubúð á höfuðborgarsvæðinu.

Mikil samkeppni er á hestavörumarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Reiðtygja- og hestavöruframleiðandinn Top Reiter opnaði nýja smásöluverslun í Ögurharvari 4 í desember og nú eru starfandi fimm hestavörubúðir í Reykjavík.

Feðgarnir Herbert Ólafsson og Ásgeir Herbertsson hafa framleitt reiðtygi undir vörumerkinu Top Reiter í 22 ár. Þeir eru báðir búsettir í Þýskalandi en framleiðslan fer nær öll fram í Pólandi.

Top Reiter er þekktast fyrir hnakka og önnur reiðtygi og líklega framleiða þeir meira af reiðtygjum fyrir íslenska hesta en



Bjarni Þór Sigurðsson verslunarmaður og Ásgeir Herbertsson í hinni nýju verslun Top Reiter í Ögurharvari 4. MYND/JENS EINARSSON

nokkurt annað fyrirtæki í heiminum. Á síðari árum hafa þeir feðgar bætt við fleiri vörutegundum í framleiðsluna, til að mynda

vönduðum reiðfatnaði.

„Við töldum að það væri pláss fyrir okkur hérna heima,“ segir Ásgeir. „Það gefur auga leið að

það vantaði ekki nýja verslun á þennan markað, en við teljum að okkar vörur eigi fullt erindi.

Við höfum lagt áherslu á það síðari ár að auka gæði framleiðslunnar en halda verðinu niðri eins og kostur er.

Við kaupum nær allt leður af þekktum framleiðendum í Þýskalandi og Bretlandi. Efni í reiðfatnaðinn kaupum við meðal annars frá Scholler í Austurríki, svokallað Softshell, sem er frábært efni í reiðbuxur og annan reiðfatnað. Það er mjög létt, hrindir frá sér vatni og óhreinindi tolla illa við það.

Einnig erum við með áspennu hlífarnar okkar í stöðugri þróun og erum komnir með frábært efni, sem bæði er niðsterkt og situr mjög vel. En við erum með mörg fleiri vörumerki en okkar eigin. En aðalmarkmið okkar er að selja gæðavöru á sanngjörnu verði.“

Ferskir vindar í Stormi

Ferskir vindar blása nú hjá Hestamannafélaginu Stormi á Vestfjörðum. Félagið vígði nýja reiðhöll í mars síðastliðnum, en það er fyrsta reiðhöllin í „reiðhalla-erkefni Guðna Ágústssonar“, sem tekin var í notkun. Höllin var reist á félagssvæði Storms, á Söndum í Dýrafirði, sem er í um fimm mínútna akstri frá Þingeyri.

„Reiðhöllin hefur blásið nýju lífi í félagslífið, á því leikur enginn vafi,“ segir Sigþór Gunnarsson, formaður Storms. „Aðstaða sem þessi gjörbreytir öllu landslagi í félagsstarfi þar sem iðkun áhugamálsins er eins háð veðri og vindum og raunin er í hestamennskunni. Nú er loks hægt að setja upp dagskrá sem er nokkuð örugg að stenst. Við höfum



Ungir Stormsfélagar á reiðnámskeiði í nýju reiðhöllinni á Söndum. MYND/SIGÞÓR GUNNARSSON

þegar haldið nokkur reiðnámskeið í reiðhöllinni og önnur eru á dagskrá í vetur. Einnig er á dagskrá að halda þar mót og sýningar, sem er vel framkvæmanlegt, því höllin er 20 sinnum 40 metrar að flatarmáli, jafn stór og tamningagerði.“

Um áttatíu félagsmenn eru nú í Stormi og eru þeir dreifdir um Vestfirði, flestir á Bolungarvík en líka á Tálknafirði, í Arnarfirði, á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri.

WOODY NET ER LAUSNIN

UNDIRBURÐUR undir hestinn
13,6 kg. / 25,5 l. poki

1 kg. af **WOODY NET** samsvarar um 4 kg. af venjulegum spæni í rakadrægni.

- WOODY NET** eyðir ammoníakslykt.
- WOODY NET** minna ryk, betri heilsa.
- WOODY NET** minnkar mokstur.
- WOODY NET** hentugt í flutningi.
- WOODY NET** spónakögglaðir 100% hreinn víður.

Tilboðsverð aðeins 750 kr. pokinn í heilum brettum 80 pokar á bretti

BRIMCO BUGÐUTANGA 3 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Gæðaplast sem endist

Býr þinn hestur vel...?

Nótuð og afar sterk plastborð í innréttingar og klæðningar.



Gæðaplast sem endist

Govaplast borðin eru góð lausn í innréttingum hesthúsa. Borðin eru hátækniþróuð, örugg og mjög sterk, en um leið afar auðveld í meðhöndlun og auðveld í uppsetningu. Govaplast borðin hafa sannað sig rækilega við íslenskar aðstæður í þau átta ár sem þau hafa verið hér á markaði.



Stærðir:
Lengd og þykkt
118 cm x 32 mm

Sérþöntum aðrar
lengdir eftir óskum.
Einnig fáanlegt í
28 mm þykkt

**GOVAPLAST ER GÆDAPLAST
VARIST EFTIRLÍKINGAR!**



- ▶ Gæðaplast
- ▶ Frábær ending
- ▶ Brotnar ekki
- ▶ Ekkert viðhald
- ▶ Einangrandi
- ▶ Fallegt útlit
- ▶ Auðvelt að þrifa
- ▶ Umhverfisvænt

stofnað 1968
Ragnar Valsson
Bílaklæðningar

S. 554 0040

Bílaklæðningar ehf. - Kársnesbraut 100 - 200 Kóp.
S. 554 0040 - 892 1315 - Netfang: bkl@bkl.is

Aðeins það besta fyrir knapa og hesta

Við leggjum metnað okkar í að þjónusta hestamenn með því að bjóða uppá úrval af gæðavörum fyrir hesta og knapa.

Reiðtygi, hnakkar, skór, fatnaður, járningaráhöld, skeifur ofl. ofl.

Við höfum allt sem þarf til gæludýrahalds, hvort sem er fyrir hunda, ketti, fiska, nagdýr, fugla eða hesta.

Við leggjum áherslu á gæðafóður fyrir hunda og ketti frá Eukanuba og Iams ásamt á ýmsar sérvörur fyrir hunda og ketti eins og Puppyangel hundaföt.

Eukanuba



puppy
angel

Techni-Cal
INTERNATIONAL



Fiskislóð 18 · 101 Reykjavík · Sími 552 7400
Afgreiðslutími er virka daga frá 10.00 - 18.00 og á laugardögum frá 10.00 - 16.00

Hestamenn á netinu

FRÉTTAMÍÐLAR:

www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is
www.horse.is

STOFNANIR:

www.feif.org
www.lhhestar.is
www.holar.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

HROSSABÚ (SÝNISHORN):

www.blesastadir.is
www.dalur.is
www.hest.is
www.fet.is
www.flagbjarnarholt.is

Hertar kröfur til kynbótarhrossa

Ákveðin hafa verið einkunna-lágmörk kynbótarhrossa fyrir Landsmót 2008. Kröfurnar hafa verið hertar talsvert frá því fyrir Landsmót 2006, eða um fimm stig í hverjum flokki einstaklingssýndra kynbótarhrossa. Einnig hafa lágmörk afkvæmasýndra stóðhesta verið hækkuð um tvö stig í aðaleinkun í kynbótamati. Engar kynbótarhryssur verða sýndar með afkvæmum á Landsmóti 2008. Á síðastliðnu ári var tekin sú ákvörðun í fagráði hrossaræktar að leggja þær af.

Lágmörk einstaklingssýndra kynbótarhrossa:

Stóðhestar 4 vetra 8,00.
Stóðhestar 5 vetra 8,15.
Stóðhestar 6 vetra 8,25.
Stóðhestar 7 vetra og eldri 8,30.

Hryssur 4 vetra 7,90.
Hryssur 5 vetra 8,05.
Hryssur 6 vetra 8,15.
Hryssur 7 vetra og eldri 8,20.

Lágmörk fyrir afkvæmasýnda stóðhesta eru:

Heiðursverðlaun: 118 stig í kynbótamati og 50 dæmd afkvæmi eða fleiri.
Fyrstu verðlaun: 118 stig í kynbótamati og 15 dæmd afkvæmi eða fleiri/eða: 113 stig í kynbótamati og 30 dæmd afkvæmi eða fleiri.

Uppbygging á Varmalæk

Enginn bilbugur er á hestamönnum á landsbyggðinni, þrátt fyrir misjafnt gengi í kauphöllinni í Reykjavík. Hrossabændur, félagasamtök og einstaklingar líta greinilega björtum augum til framtíðarinnar.

Á Varmalæk í Skagafirði er nú að rísa 1.100 fermetra hesthús og reiðhöll og gert er ráð fyrir að hún verði komin undir þak í mars á þessu ári. Húsið er byggt úr steinsteypum einingum frá Loftorku en þakið er frá Límtré.

Á Varmalæk búa þau Björn Sveinsson og Magnea K. Guðmundsdóttir. Þar hefur lengi verið rekin hestatengd ferðaþjónusta, en einnig er bærinn þekktur fyrir góð hross sem þaðan hafa komið. Má þar nefna stóðhestinn Mökk frá Varmalæk, sem er einn af farsælustu stóðhestum í ræktun íslenskra hrossa. Hann var seldur til Svíþjóðar ungur að árum. Frægasti gæðingurinn sem alið hefur aldur sinn á Varmalæk er þó án efa Hrímnir frá Hrafnagili í Eyjafirði, en hann féll síðastliðið haust.

Magnea segir að markmiðið með byggingu hússins sé að efla enn frekar þann rekstur sem fyrir er á Varmalæk, ferðaþjónustuna og hrossaræktina, og skapa aðstöðu fyrir öflugra hestamiðstöð. „Í húsinu verður reiðhöll og pláss fyrir 20 reiðhross. Skammt frá húsinu



Björn Sveinsson og Magnea K. Guðmundsdóttir á skagfirskum gæðingum.

er hringvöllur og næst á dagskrá er að útbúa það sem við kjósum að kalla þjálfunarlaug, en þar verður aðstaða til að láta hross synda, en við höfum einnig í hyggju að nýta laugina með fjölbreyttari hætti. Það er nóg af heitu vatni á Varmalæk og upplagt að nýta sér það.“

Varmalækur er einn af mörgum bæjum á Íslandi þar sem ábúendur hafa lagt niður hefðbundinn búskap og snúið sér alfarið að hrossabúskap. „Já, við erum ekki með neinn annan búskap, bara nokkrar kindur sem við köllum „spariféð“ okkar,“ segir Magnea.

Brynja í Meistaradeild VÍS

Meistaradeild í hestaíþróttum hefur verið starfrækt í nokkur ár í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli. Um er að ræða röð móta sem dreifist á vetrarmánuðina.

Hin kunna sjónvarpskona Brynja Þorgeirsdóttir mun sjá um að koma Meistaradeild VÍS á skjáinn í Ríkissjónvarpinu í vetur. Þættirnir verða sýndir að loknu hverju móti deildarinnar, sem verða sjö talsins og haldin með tveggja vikna millibili. Í þáttunum verður fjallað um undirbúning keppinnar, keppnina sjálfa og umræður eftir hvert mót. Fyrsta mótið fer fram fimmtudaginn 31. janúar í Ölfushöllinni og verður keppt í fjörgangi.

Margir af fremstu knöpum landsins etja kappi í deildinni líkt og undanfarin ár. Má þar nefna sigurvegarana frá í fyrra og hittifyrra, Viðar Ingólfsson



Brynja Þorgeirsdóttir, sjónvarpskona á RÚV.

MYND/JENS EINARSSON

og Atla Guðmundsson, en einnig eru á meðal keppenda Sigurbjörn Bárðarson, Hinrik Bragason, Hulda Gústafsdóttir, Sigurður V. Matthíasson, Sigurður Sigurðarson og Þorvaldur Árni Þorvaldsson. Keppendur eru tuttugu og fjórir og fyrir utan að keppa hver við annan taka allir þátt í liðakeppni undir merkjum sex fyrirtækja. Þau eru Blend, Frumherji, IB ehf., Málning hf., Skúflækur og Top Reiter.

Það er Örn Karlsson, eigandi og staðarhaldari Ölfushallarinnar, sem er höfundur Meistaradeildarinnar. Hann hefur meðal annars þróað nýjar keppnisgreinar sem hafa náð vinsældum, Smala, þar sem reynir á hraða og fimi hests og knapa, og gæðingafimi, sem er sambland af fimi-æfingum og gangteygakeppni. Að öðru leyti er keppt í hefðbundnum greinum hestaíþróttar.

Umsögn Sigurbjörns Bárðarsonar "Diddi"

"Hnakkurinn Barri er einstaklega hestvænn og gæddur þeim eiginleikum að vera bæði frábær útreiðar og keppnis hnakkur"



Söluaðilar:

- Lífland
- Hestar og Menn
- Gæludýr og hestar
- Fákasport Akureyri

Rifrildi undir folöldin

Verð á spónum hefur rokið upp úr öllu valdi síðastliðin misseri og eru spænir orðnir verulegur kostnaðarliður í hestahaldi.

Guðmundur Böðvarsson á Syðra-Seli í Hrunamannahreppi hefur brugðist við þessu með eigin húsráði, ef svo má að orði komast. Hann einfaldlega viðar að sér pappír frá nágrönnum sínum og rifur hann svo niður í höndunum og notar síðan rifrildið í undirburð.

„Ég geri þetta nú bara til þess að hafa eitthvað að gera. Ég er hætstur búskap og heilsan ekki upp á marga fiska,“ segir Guðmundur. „Það er svo óhemjukið af pappír sem berst inn á öll heimili í dag. En ég fæ líka dagblöð úr versluninni á Flúðum og síðan kemur vinur minn Sigurður Sigmundsson með pappír til mín. Ég er með fimm til sex folöld í stíu og nota þetta undir þau, en moka undan þeim á hverjum degi. Pappírinn þurrkar mjög vel og ég þarf engan spæni meðan ég hef pappírinn,“ segir Guðmundur.

Hann neitar því þó ekki að vissulega væri gott að hafa handhæga vél til að tæta niður pappírinn. Mörg



Guðmundur setur einn kassa á dag af pappírfrifildi undir sex folöld og þarf engan spæni.

MYND/JENS EINARSSON

heimili og fyrirtæki gætu framleitt mikið af „rifrildi“ með svoleiðis tæki. Er þeirri hugmynd hér með komið á framfæri.

Allt fyrir HESTA & MENN



DVD myndir í úrvali



Glimmer hestar glóa bjart



Reiðhjálmar frá Casco verð frá 4900 KR



Geysivinsælir hanskar frá Roeckl



Gallar og jakkar frá Soul horse



Nýtt Tölt skórnir komnir með og án stáltá á frábæru verði 9900 Kr



Saga Collection nýjar buxur nýtt snið, nýtt efni Verð 9900 Kr




Glæsilegt úrval af hnökkum, reiðtygjum og fylgihlutum frá Benny's Harmony



Ferðajárningatöng



Gott úrval af bustum og snyrtivörum frá Oster



HESTAR & MENN

Ögurharfi 1, 203 Kópavogi • Sími 567 3300 • www.hestarogmenn.is

ÚTVÖRPF
 BILHÁTALARAR BÍLMAGNARAR
 BILTÆKI HLJÓMBORÐ
 HEYRNARTÓL HÁTALARAR
 SJÓNVARPSTÆKI FERÐATÆKI
 LCD SJÓNVÖRPF
 MYNDAVÉLAR PLASMA SJÓNVÖRPF
 DVD SPILARAR ÍSSKÁPAR MP3 SPILARAR
 ELDAVÉLAR
 PVOTTAVÉLAR
 MYNDBANDSTÆKI
 VÖFFLUJÁRN
 MAGNARAR
 RAKVÉLAR
 REIKNIVÉLAR
 RYKSUGUR
 SAMLOKUGRILL
 HÁFAR

ÚTRISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPPVOTTAVÉLAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR STRAUJÁRN KAFFIVÉLAR
 ÖRBYLGJUOFNAR BLANDARAR HRÆRIVÉLAR

BROT AF PVÍ BESTA

Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárbílasarar og fleira frá kr. 995

PHILIPS flatsjónvörp á frábæru verði

KENWOOD hrærivélar með allt að 40% afslætti

Pottar og pönnur frá Bialetti og Tefal með 30% afslætti

Panasonic RYKSUGA – Verð áður kr. 6.995 – Verð nú kr. 4.995

Philips keramik SLÉTTUJÁRN – Verð áður kr. 4.995 – Verð nú kr. 2.995

220 lítra FRYSTIKISTA – Verð áður kr. 36.995 – Verð nú kr. 26.995

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!


Heimilistæki
 www.ht.is

REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRÁUT 26 SÍMI 569 1500	AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380	HÚSAVÍK GARDARSBRÁUT 18A 464 1600	SELFÖSS EYRARVEGI 21 480 3700
--	---------------------------------------	---	-------------------------------------

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic UNITED BEKO DeLonghi elna exido
 ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani OBH NORDICA Indesit VESTFROST Whirlpool

ÚTSALA ÚTSALA
30 - 90 afsl.

Kjól
Með streng
Áður 6.995
995

Egg
Með hraðastillir
Áður 2.995
495

FIÐRILDI
Með hraðastillir
Áður 5.995
995

ÞRÁÐLAUST EGG Dregur 20 m - Vatnshell
Áður 11.995
2.995

KANÍNU TITRARI
Með aföstu egg
Áður 6.995
1.995

Rómantik.is
Hverfisgötu 62 Rvk. S. 586-8500
(Horninu á Frakkastíg)
Opíó: Virka daga 12-20
Laugardaga 12-18

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasimar

Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverkafi

www.raflagnir.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

KEYPT & SELT

Til sölu

Við hjá K-Matt ehf höfum fengið blóðsykursmæla og strímla á frábæru verði sem hefur ekki þekkt áður. Upplýsingar í síma 421 8999 eða k-matt@simnet.is. Opnunartími er milli 9-11:30 og 13:15-16:30 alla virka daga.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 5þ. 28" tv á 10þ. Eldavélaháfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Uppþvottavél á 10þ. Frystikista á 10þ. Glerborð á 5 þ. Glerskápur á 3þ. S. 896 8568.

Óskast keypt

Óska eftir að kaupa sólbekki nýlega 8-20 mín. Upplýsingar í síma 697 6634.

Nýleg þvottavél óskast keypt á verðbilinu 10-20 þús. Sími 869 4810.

Hljóðfæri

Stagg Þjóðlagagítar
Poki, Ól, Stúllflauta, Auka strengjasett, eMedia tölvudiskur. Kr. 13.900 Fánlegir Litir: Víðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmónikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Tölvur

Hringiðan
Netverslun

VEF & LÉN hjúsingar
Venj frá
990.- kr.

Hringiðan tölva
525 2400
www.vortex.is

Vélar og verkfæri

Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

Verslun

ÚTSALA
Allt að 60% afsláttur !!!
www.gosbrunnar.is
Langhólavægi 109. á bakvið
S. 517 4232 / 804-1720

ÚTSALA, ÚTSALA. Allt að 60% afsláttur af völdum vörum !!!

Hjúju Thermal nærfötin eru frábær!
3. Teg af bolum og 2. Teg af buxum.
Verð 1390.- 1990.-

COS GLÆSIBÆ S. 588 5575
OLYMPIA MJÓDD S. 553 3600

friendtex

Verðrun!
Mikið úrval af falletum fatnaði. Opíó 10-18 og laugardag 11-16. Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is

HEILSA

Heilsuvörur

5-7 Kíló í Burtu?
Sjálfsþéttur dröfingaraðili FLP

5-7 kíló á 9 dögum, 9 daga hreinsíkur frá Aloe Vera. 14.690kr. S. 6978928 Sígga

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuáðgiöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Lr-kúrninn er tær sníld. Léttist um 22 kg á 6 mánuðum. www.dietkur.is Dóra 869-2024

Ertu mataríkill? Þá er „Mataríkn-leið til bata með 12 spora kerfi OA samtakanna“ bók fyrir þig! Fæst í betri bóka-búðum og á www.huxi.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Whole body massage Telephone 844 9083.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

Ýmislegt

Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opíó 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Til sölu 3 chihuahua hvolpar sem vantar nýtt heimili upplýsingar í síma 8941525

Gefins 5 falletgir kettlingar. Á góð heimili. Uppl. í s. 555 1686 e. kl. 18.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigusalar auglýsa fritt.
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.

Leigjendur leita fritt.
Leiga.is býður
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.

Leiga.is
Löggild leigjendur

Til leigu notaleg skrifstofa í Garðastræti 17, 101 Reykjavík. Aðgangur að sameiginlegu rými og eldhúsi. Gluggi að garði í Grjótaborpi. Möguleiki á háhraðatengingu beint í punkt. Upplýsingar í 861-6887.

Mjög gott herb. í 101 / Very good room in 101. 48þ. S. 898 5179 e. kl. 17.

Langagerði 108 Rvk.

Til leigu 28 fm. herb. Aðgangur að setustofu-eldhúsi og baði. Fullbúið húsbúnaði og tækjum. Allt innifalið. Uppl. í síma 898 2102 eftir kl.17:00.

Tjáðu þig!

Bloggaðu með símanum!
Hvar sem er og hvenær sem er!

Viltu sei'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

TIL SÖLU

Frystiklefi til sölu

Nýlegur frystiklefi í góðu standi til sölu. Málin eru 4,76 m x 9,56 m og hæðin er 2,8 m. Hægt er að raða klefanum upp á ýmsa vegu.

Upplýsingar í s. 8241441

Trésmiðarvélur & verkfæri.

IDNVÉLAR
Hvaleyrarbraut 18-20 220 Hafnarfjörður. S. 565-5055 www.idnvelar.is

Laus strax

2 herbergja íbúð til leigu í Garðabæ með sérinngangi. Íbúðin er nýlega tekin í gegn og er á góðum og rólegum stað. Leigan er 120 þús. á mánuði + trygging. Allar frekari upplýsingar eru veittar í s. 693 4085.

3 herb íbúð við Smáralind í Kópavogi til leigu með öllu, Uppl í s. 847 7147.

Óska eftir meðleigjanda í 3 herb. íbúð. Allt fylgir. V. 70 þús. Uppl. í s. 662 4285.

Húsnæði óskast

Reglusamur maður, óskar eftir 2-3 herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. Björn Sími: 896-8934

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m². Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Ert þú næturmanneskja?

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Hægt er að sækja um á www.subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma: 696-7005. Aldurstakmark er 18 ár.

Vaktstjóri á Subway
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf sem hentar vel með skóla. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 17 ár.

Sveigjanleg dagvinna
Subway óskar eftir jákvæðu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða sveigjanlegan vinnutíma á daginn, 50-100% starf. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á www.subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 18 ár.

Leikskólinn Ösp
Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Fellahverfinu.

Við leggjum áherslu á fjölmenningu og jákvætt viðhorf. Okkur vantar frábæra kennara til liðs við okkur.

Deildarstjóra,
Leikskólakennara/leiðbeinendur,
-Proskapjálfa/sérkennara,
-Aðstoð í eldhúsi 50% staða,
-Skilastöðu.

Upplýsingar gefa Svanhildur og Kristín í síma 557 6989 & 693 9819

Bakarí í Kópavogi
Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast í bakarí í Garðabæ. Vaktavinna virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30 & aðrahvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 899 8212.

JOLLI

Söluturninn Jolli Hafnarfirði

Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublið á staðnum.

Bakarí - kaffihús, Skipholt
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklæus. Íslenskunnátta æskileg. Upplýsingar í síma 820 7370.

RED CHILI

Helgar og kvöldvinna.
Starfsfólk óskast í sal. Hentar vel fyrir skólafólk. Uppl. í síma 842 2800 og á redchili@redchili.is og á www.redchili.is

Flutningabílstjóri
Starfskraftur með meira-próf óskast á flutningabil í Reykjavík. Framtíðarvinna í boði.

Upplýsingar gefur Jóhann í síma 894 0119. Flutningaþjónusta JB ehf.



Aktu Taktu

Aktu Taktu leitast eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

Helgarvinna Garðabæ. Okkar bakarí óskar eftir hressum strákum og stelpum til afgreiðslustarfa um helgar. Gæti hentað skólafólki. Upplýsingar í síma 891 8258 eða 565 8070, Þóra.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

Rafvirkjar

Óska eftir rafvirkja til starfa. Raflot s. 896 2660.

Iðnaðarmenn

G.G. Iagnir ehf óskum eftir pípuþingamönnum til viðgerða og viðhaldsvinnu, einnig verkamönnum. Uppl. í s. 660 8870, www.ggIagnir.is.

Góð íslenskukunnátta!

Öflugt markaðsfyrirtæki óskar eftir traustum starfsmanni 35 + ára í síma-sölu á skrifstofutíma. Þjálfun á staðnum. Upplýsingar í síma 869 0291 Kristín.

Bónstöð

Duglegur og reglusamur starfsmaður óskast á bónstöð. Verður að tala íslensku og hafa hreint sakavottorð. S. 895 8873.

Atvinna óskast

2 ísl. kk. 16 og 19 ára óska eftir vinnu. Uppl. í s. 848 3287.

21 árs kk óskar eftir vinnu við pípuþing eða smíðar. Uppl. í s. 616 9611.

ATVINNA



HRAFNISTA

Hrafnista Reykjavík

Aðhlyning

Starfsfólk óskast í aðhlyningu, vaktavinna eða bara virka daga.

Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Einnig eru í boði stuttar vaktir.

Góð íslenska skilyrði.

Uppl. í síma 585 9529 og á hrafnista.is

TIL LEIGU

Viðskiptahúsið

MIDLUN • RÁÐGJÖF • FJÁRMÖGNUN

Fiskislóð 75 - 101 Reykjavík

Til leigu er 300 fm skrifstofuhúsnæði.

Um er að ræða gott skrifstofuhúsnæði á annari hæð með góðum síma- og tölvulögnum. Stækkunarmöguleikar fyrir hendi. Næg bílastæði.

Verð 1.400 kr. per fm á mánuði.

Upplýsingar veitir Jón Svan sölufulltrúi í síma 891 8803

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • www.vidskiptahusid.is
Jón Sigfús Sigurjónsson hdl & lögg. fasteignasali

FÓSTBRÆÐUR

Á DVD



FÓSTBRÆÐUR

Loksins á DVD!
Tryggðu þér allar 5 seríurnar!



ANTIK - ÚTSALA - 50 %

Húsgögn - konunglegt postulín t.d mávastellið, pelsar - ljósakrónur - lampar - málverk- skartgripir. Antikbúðin - Laugavegi 33 - S. 561 8088

ATVINNA

MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616

PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf. S: 840-1616

Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

Kraftafl ehf

TILKYNNINGAR

Efnistaka í Lambafelli
Kynning á tillögu að matsáætlun

Tillaga að matsáætlun vegna Efnistöku í Lambafelli, í landi sveitarfélagsins Ölfus. Jarðefnaíðnaður er framkvæmdaraðili og Bölti ehf. hefur umsjón með mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Hægt er að skoða tillöguna á heimasíðu Jarðefnaíðnaðar ehf. www.jei.is og á Bókasafninu í Þorlákshöfn, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Almenningi gefst kostur á að senda athugasemdir við tillöguna til Bólta ehf, netfang sigjak@simnet.is, heimilisfang Lyngheiði 23 810 Hveragerði eigi síðar en 31.janúar 2008.



Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Gerð öryggissvæðis við norðurenda Akureyrarflugvallar

VirkJun Svelgsár allt að 655 kW, Helgafellssveit Ákvarðanir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is. Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 12. febrúar 2008.

Skipulagsstofnun

Hefur þú áhuga á heilbrigðum lífsstíl?



Opnum nýja Útilífsverslun í Holtagörðum í mars n.k. og óskum því eftir að ráða nýja liðsmenn í eftirtalin störf:

Aðstoðarverslunarstjóri

Starfssvið:

Aðstoðarmaður og staðgengill verslunarstjóra
Móttaka vöru og millifærslur
Sala og ráðgjöf til viðskiptavina

Hæfniskröfur:

Áhugi á útvíst og/eða íþróttum
Snyrtimennska, samviskusemi, heiðarleiki og stundvísi
Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
Reynsla af sölu- og afgreiðslustörfum er nauðsynleg

Deildarstjóri í reiðhjóla- og línuskautadeild

Starfssvið:

Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
Umsjón með reiðhjóla- og línuskautadeildum Útilífs
Innkaup og eftirfylgni með vörum deildarinnar

Hæfniskröfur:

Áhugi á hjólamennsku og jaðarsporti
Snyrtimennska, samviskusemi, heiðarleiki og stundvísi
Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
Reynsla af sölu- og afgreiðslustörfum er kostur

Sölufulltrúar í sport-, útvistar-, skó- og reiðhjóladeild

Starfssvið:

Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
Tiltekt og áfyllingar í verslun
Afgreiðsla á kassa

Hæfniskröfur:

Áhugi á útvíst og/eða íþróttum
Snyrtimennska, samviskusemi, heiðarleiki og stundvísi
Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
Reynsla af sölu- og afgreiðslustörfum er kostur

Einnig óskum við eftir að ráða starfsfólk í hlutastörf um helgar og eftirmiðdaga í allar deildir.

Áhugasamir fylli út starfsumsókn á www.utilif.is
Umsjón með ráðningu:

Guðmundur Björnsson – guðmundur@utilif.is
Ingibjörg Sverrisdóttir – ingibjorg@utilif.is

Útilíf er öflugt smásölufyrirtæki á sviði íþrótt- og útvistar. Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Glæsibæ, Krínglunni og Smáralind. Í mars munum við opna fjórðu verslunina í Holtagörðum.

Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavinum er í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á liðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins.

Lykillinn að velgengi í starfi hjá Útilíf eru framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti. Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum og auka ánægju þeirra í starfi. Útilíf er reyklaus vinnustaður.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



Reykjavíkurborg



Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir stöðu skrifstofustjóra borgarstjórnar lausa til umsóknar

Hlutverk og ábyrgðarsvið:

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er einn af æðstu embættismönnum Reykjavíkurborgar. Hann ber ábyrgð á þjónustu skrifstofunnar við borgarstjórn, borgarráð, forsætisnefnd og ýmsar aðrar nefndir og ráð. Í því felst m.a. móttaka og meðferð gagna, undirbúningur og framkvæmd funda, þ.m.t. ábyrgð á fundargerðum borgarstjórnar og ráðgjöf til borgarfulltrúa, tilkynningar um afgreiðslu mála og upplýsingagjöf til almennings. Skrifstofustjóri veitir nefndum og ráðum, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf s.s. lögfræðilega ráðgjöf um fundarsköp og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Miðlæg umsjón styrkjamála hjá Reykjavíkurborg er á hendi skrifstofu borgarstjórnar, sem og umsagnir um rekstrarleyfi veitingastaða.

Umsjón með framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík er á verksviði skrifstofu borgarstjórnar.

Hæfniskröfur:

- Embættispróf lögfræði.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga.
- Þekking á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar æskileg.
- Þekking og reynsla af stjórnun, stefnumótun, rekstri og mannaforráðum.
- Leiðtogaþæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í tali og rituðu máli á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli.

Borgarstjóri er yfirmaður skrifstofustjóra borgarstjórnar. Um laun og starfskjör skrifstofustjóra fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Umsóknnum skal skila til skrifstofu borgarstjóra, merkt „Umsókn um starf skrifstofustjóra“, eigi síðar en 1. febrúar nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Upplýsingar um starfið veita Gunnar Eydal, fráfarandi skrifstofustjóri borgarstjórnar, og Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar.

**Borgarstjórinn í Reykjavík
Dagur B. Eggertsson**

Símaver Reykjavíkurborgar 411 11 11, atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 5.502 -1,21%	Fjöldi viðskipta: 274 Velta: 26.836 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ ATL. AIRWAYS +0,75%	↓ FLAGA -19,75%
↑ ALFESCA +0,15%	↓ ICELANDIC GROUP -5,63%
	↓ ATORKA -2,65%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,20 -2,65% ... Bakkavör 51,40 -1,72% ... Eimskipafélagið 31,90 -0,31% ... Exista 15,15 -1,62% ... FL Group 11,16 -2,36% ... Glitnir 20,20 -0,49% ... Icelandair 26,85 -1,83% ... Kaupþing 737,00 -1,73% ... Landsbankinn 31,95 -0,78% ... Marel 102,00 +0,00% ... SPRON 8,05 -2,54% ... Straumur-Burðarás 13,35 -0,15% ... Össur 94,00 -1,57% ... Teymi 5,77 -0,52%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN [nánar á visir.is](http://nánar.á.visir.is)



SEÐLABANKINN Breytir reglum um veðhæfi til að auka aðgengi fjármálfyrirtækja að lánsfé.

Aukið aðgengi banka að lánsfé

Seðlabankinn hefur ákveðið að rýmka reglur um veðhæf verðbréf sem hægt er að fá lán út á. Stóreykur möguleika fjármálfyrirtækja á fjármögnun innanlands sem kemur sér vel þegar dýrt er að fá peninga að láni.

„Þetta er gert til að færa reglur Seðlabankans nær því sem gerist í nálægum löndum. Þannig verður rekstrarumhverfi og samkeppnisstaða þeirra svipuð því sem erlendir bankar búa við,“ segir



STURLA PÁLSSON

Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðs-sviðs Seðlabankans, um nýjar reglur um veðhæfi bréfa sem tilkynnt var um í gær. Samkvæmt nýju reglunum verður íslenskum fjármálfyrirtækjum heimilt að leggja inn í Seðlabankann erlend bréf í erlendri mynt og svokölluð tryggð skuldabréf sem tryggingu fyrir

lánnum í íslenskum krónum. Þessi aðgerð eykur til muna aðgengi banka og sparisjóða að fjármagni.

Tryggð skuldabréf eru það sem sumir hafa kallað skuldabréfavafninga, eins og íbúðalán banka og sparisjóða til einstaklinga. Þau lán nema yfir hundrað milljörðum króna, sem verður þá hægt að leggja sem veð inn í Seðlabankann.

Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Kaupþings, segir þessa breytingu Seðlabankans jákvæða fyrir allt bankakerfið. Sérstaklega þá sem ekki hafa haft aðgang að endurhverfum viðskiptum við erlenda banka. Nú verði hægt að fá lán út á íbúðabréf sem ekki var mögulegt.

Sturla Pálsson segir kjörin á lánnum frá Seðlabankanum byggjast á stýrivöxtum bankans, sem séu 13,75 prósent. Guðni Aðalsteinsson gerir ráð fyrir að eitt hvert álag leggist ofan á þá vexti. Hins vegar séu kjörin mjög góð miðað við það sem gerist annars staðar. Tryggingarálag bankanna hafi farið hækkandi vegna umrúts á alþjóðlegum lánamörkuðum.

bjorgvin@frettbladid.is

Yfirtaka möguleg

Landsbankinn hefur augastað á Close Brothers.

Landsbankinn hefur tilkynnt um hugsanlegt yfirtökutilboð Landsbankans og Cenkos Securities í breska fjármálfyrirtækið Close Brothers Group. Tilkynning Landsbankans var birt í Kauphöllinni í gær.

„Gangi kaupin eftir hyggst Landsbankinn festa kaup á bankastarfsemi félagsins. Sá hluti starfseminnar er vel fjármagnaður, en innlán nema 117 prósentum af útlánnum,“ segir

greiningardeild bankans í Vegvísi.

Í tilkynningu bankans til Kauphallarinnar er jafnframt áréttað að hann sé vel í stakk búinn til fyrirtækjakaupa. Hinn 10. janúar segist bankinn hafa átt auðseljanlegar eignir upp á 8,9 milljarða evra, eða um 845 milljarða króna, meðan langtímaskuldir sem séu á gjalddaga á árinu nemi einungis 800 milljónum evra, eða um 76 milljörðum króna. - Óká



Enn stækkar Neysluvörugeirinn með skráningu Nordic Service Partners

Við bjóðum Nordic Service Partners velkomið í Nordic Exchange. Nordic Service Partners, NSP, er eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Svíþjóð, en félagið leggur áherslu á veitingahús með hraðþjónustu. NSP Holding á og rekur um það bil 50 veitingahús í Svíþjóð og Danmörku undir vörumerkjunum Burger King, Taco Bar og Tasty Thai, auk fjögurra veitingamiðstöðva (e. food court). NSP verður skráð í Nordic Exchange í Stokkhólmi þann 15. janúar. Nordic Service Partners flokkast sem smærri félag og tilheyrir Neysluvörugeiranum.



Lónaður



Orkuvinnsla



Heilbrigðisgeiri



Nauðsynjavörur



Fjármálaþjónusta



Fjarskipti



Hráefni



Veitur



Upplýsingatækni

omxgroup.com/nordicexchange



Brot á hegningarlögum

Brot á almennum hegningarlögum vegna forsetakjörs

Kæra send Lögreglustjóranum í Reykjavík, Dómsmálaráðuneytinu, Hæstarétti Íslands, Umboðsmanni Alþingis, Permanent Mission of Iceland to the OSCE og Utanríkisráðuneytinu þann 14 janúar 2008.

Hér með legg ég undirritaður, Ástþór Magnússon kt. 040851-2519, fram kæru á hendur Þórunni Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni, fædd 9. júlí 1957, starfandi á lögmannsstofunni LEX Sundagördum 2, 104 Reykjavík og til heimilis að Laugavegi 61, 101 Reykjavík Kt. 090757-4319, fyrrum oddvita yfirkjörstjórnar Reykjavíkur norður. Krafist er að Þórunn verði dæmd í samræmi við almenn hegningarlög til fjögurra ára refsivistar vegna tilburða, sem hún hefur uppi til að hafa áhrif á kjósendur í forsetaköslingum með visvitandi refsiverðri meingerð gegn persónu og heiðri Ástþórs Magnússonar, forsetaframbjóðanda, með því að koma fram í fréttum Stöðvar2 í byrjun þessa mánaðar með þá ærumeiðandi, móðgandi og refsiverðu yfirlýsingu, að það væri misnotkun í lýðræðinu, ef Ástþór Magnússon byði sig aftur fram til Forseta og í viðtali sem birtist á vísir.is þann 4 janúar s.l. endurtekur Þórunn ummæli sín og bætur umbetur og segir framboð Ástþórs nauðgun á lýðræðinu í landinu. Vísad er í fréttinni til bréfs, sem Þórunn segist hafa sent dómsmálaráðherra um kosningarnar 2004, þar sem hún lætur í veðri vaka, að fólk hafi verið blekktil að skrifa á meðmælalista í þágu framboðs Ástþórs. Hér er um mjög alvarlegan áburð að ræða, sem settur er fram í opinbera umræðu í gegnum fjölmiðla í eigu stuðningsmanna sitjandi forseta í byrjun kosningaárs. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að hvorki ég né minir stuðningsmenn hafa fengið upplýsingar um þetta bréf eða efni þess hvorki árið 2004 né síðar.

Þórunn gegndi ábyrgðamiklu opinberu starfi við síðasta forsetakjöri sem oddviti yfirkjörstjórnar Reykjavíkur Norður. Taka verður það mjög alvarlega, ef einstaklingur sem gegnt hefur slíku trúnaðarstarfi fyrir hönd þjóðarinnar misnotar þjóðfélagsaðstöðu sína með jafni grófum hætti og hún hefur gert með ummælum sínum og skrifum. Það er telst refsivert og alvarlegt lögbot að leggja einstaka forsetaframbjóðendur í einelti með þessum hætti. Þá telst það aðför að lýðræðinu, þegar einstaklingur með þá þjóðfélagsstöðu sem Þórunn hefur, að slást þannig í lið með stuðningsmönnum Ólafs Ragnars Grímssonar sitjandi forseta í tilburðum þeirra að nota fjölmiðla vilhalla forsetanum til að hræða þjóðina gegn forsetaköslingum, grafa undan hugsanlegum mótframboðum gegn forsetanum eða hafa áhrif á hvaða frambjóðandur bjóði sig fram til væntanlegra forsetaköslinga. Brot Þórunnar varða við almenn hegningarlög, kosningalöggjöf og reglur Öryggis og Samvinnustofnunar Evrópu (ÓSE) um frjalsar og sanngjarnar kosningar í lýðræðisríki. Þá er vísað til 102.gr. hegningarlaga: Hver sem leitast við að aftra því að fram fari kjör forseta skal sæta fangelsi allt að 4 árum, 103.gr. hegningarlaga: leitast við með misleitingu aðstöðu yfirboðara að fá mann til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði, 139.gr. hegningarlaga um misnotkun opinbers starfsmanns á aðstöðu sinni öðrum til ávinnings eða aðgerða sem hafa að réttindum einstakra manna.

Framganga og framangreindar meingjörðir Þórunnar við upphaf kosningaárs velta upp þeim spurningum, hvort forsetaköslingarnar árið 2004, sem voru undir hennar stjórn í Reykjavíkurborg Norður, hafi farið fram samkvæmt lögum og reglum. Eða hvort þar hafi verið höfð uppi ólögnaet mismunum í þágu sitjandi forseta. Ljóst er að ýmis mismunur átti sér stað við þær kosningar og sem var m.a. tilefni kæru árið 2004 til Öryggis og Samvinnustofnunar Evrópu (ÓSE). Forsetaframbjóðandi bað af þeim sökum um eftirlit með kosningunum, en Dómsmálaráðuneytið neitaði eftirlitsstofun ÓSE um leyfi til að senda fulltrúa sína hingað til lands.

Ég hef beint 9 spurningum um kosningarnar árið 2004 til Þórunnar Guðmundsdóttur, en hún hefur svarað í blaðinu 24Stundr, að hún telji það ekki oddvita yfirkjörstjórnar í Reykjavík Norður að svara þessum spurningum, þrátt fyrir að hún telji það í sínum verkahring að gerast þátttakandi í því að hræða þjóðina frá því að halda forsetaköslingum á þessu ári. Þórunn hefur gersamlega misnotað aðstöðu sína sem oddviti yfirkjörstjórnar Norður árið 2004 og nú orðinn virkur þátttakandi í einstaklega láglúrulegri aðför að Íslensku lýðræði, sem enn og aftur er hafin hjá stuðningsmönnum Ólafs Ragnars Grímssonar með svipuðum hætti og árið 2004. Efni fréttar þeirrar sem hún tók þátt í að gera ásamt Stöð2 innihélt m.a. hræðsluáróður um stórýktan kostnað við forsetaköslingar. Reynt er að hræða gegn mótframboðum. 2004 skorudu stuðningsmenn Ólafs í fjölmiðlum á Ástþór Magnússon að hætta við framboð, annars yrði vegna kostnaðar tilekins sveitarfélags við kosningar að hætta við ferðalag grunnskólakarna á Ísafirði, fæðingarbæ Ólafs Ragnars. Nú er oddviti yfirkjörstjórnar Reykjavíkur Norður 2004 kosin á skjálm í þeim tilgangi að hræða kjósendur enn frekar gegn sama frambjóðanda með þeim rangfærslum að mótframboð hans væri misnotkun á lýðræðinu.

Hér eru spurningarnar 9 sem ég beindi til Þórunnar og sem nauðsynlegt er, að Íslensk stjórnvöld taki á og geri ráðstafanir gegn áður en hægt er að halda hér á landi réttmætar forsetaköslingar. Kosningar með sama sniði og árið 2004 yrðu ekkert annað en lögleysa og alvarleg hneisa fyrir Íslenskt lýðveldi á alþjóðavettvangi:

1. Er það lýðræði að einstaklingur setjist í forsetastól með stuðningi minnihluta þjóðar og sitji þar í áskrift án kosninga til eilífðarinnar? Í flestum lýðræðisríkjum er tekið fyrir svona misnotkun á lýðræðinu.
2. Er yfirhöfuð þörf á forsetaköslingum á Íslandi? Mætti nota rafrænar kosningar til að draga úr kostnaði? Eða eftirlátum við tæknipróunina og lýðræðið háværum röggherum blogg og ljósvakamiðla?
3. Er eðlilegt í lýðræðisríki að starfsmenn yfirkjörstjórnar sem hafa með höndum opinbert eftirlit og framkvæmd kosninga beri á torg persónulegar skoðanir sínar á einstökum framboðum? Samræmis slíkt lögum og reglum um óhlutdrægar kosningar?
4. Var eðlilegt af Dómsmálaráðuneytinu að hafna beiðni Öryggis- og Samvinnustofnunar Evrópu um að fylgjast með forsetaköslingum á Íslandi eftir að fram voru komnar alvarlegar kvartanir um aðdraganda kosninganna árið 2004?
5. Var eðlilegt af Dómsmálaráðuneytinu að halda framboði Ástþórs Magnússonar í fjárvælti fleiri mánuði með að nota afgreiðslu happdrættisleyfis fyrr en nokkrum dögum fyrir kosningar? En slík synjun og töf í afgreiðslu fjárfélagarleyfis til stjórnmalasamtaka eða forsetaframbóða er einsdæmi í Íslandssögunni. Afgreiðslan gerði fjárfélagarverkefnið að engu.
6. Var það eðlilegt 2004 að RÚV, fjölmiðill í opinberri eigu, lokaði fyrir málefnalega umræðu þar til kvöldið fyrir kjördag?
7. Var eðlilegt 2004 af yfirstjórn RÚV að ritskoða viðtal við heimsfrægan fræðimann Dr. Dietrich Fischer og klippa burt allar tilvitnanir þessa merka fræðimanns um, að Ástþór Magnússon, sem Forseti Íslands, gæti valdið straumhvörfum í friðarmálum heims. Próffessorinn var svo hneykslaður er hann frétti þetta að hann skrifaði RÚV og líkti málsmeðferð þeirra við það, sem gerðist í Júgóslavíu undir einræðisherranum Slobodan Milošević. Eru slík vinnubrögð eðlileg í Íslensku lýðræði?
8. Var það eðlilegt 2004 að Baugsmiðlarnir svokölluðu, Stöð2 og fleiri, neituðu algerlega að ræða við einn virtasta sérfræðing heims í friðarmálum, Dr. Johan Galtung, höfund handbóka Sameinuðu þjóðanna um friðarsamninga, en hann kom sérstaklega til Íslands að kynna hugmyndir um hlutverk smárikja í friðarumleitunum og hvernig embætti Forseta Íslands gæti orðið leiðandi að þessum vettvangi?
9. Var það eðlilegt 2004, að umboðsmaður framboðs sitjandi forseta var jafnframt framkvæmdastjóri stærstu fjölmiðla landsins og þeir væru notaðir til að birta ítrekaðar ærumeiðingar, svivirðingar og ósannindi um mótframboðanda? Á sama tíma og lokað var að mestu fyrir birtingu málefnalegs efnis um baráttumál framboðsins Ástþórs Magnússonar?

Hólt væri Íslensku lýðræði áður en stjórnvöld boða aftur til forsetaköslinga að fá óhlutdræga skýrslu unna af Öryggis og Samvinnustofnun Evrópu um aðdraganda kosninganna 2004. Því miður óttast ég, að þá renni tvær grimur á þessa ágeitu eftirlitsstofnun. Leiðarahöfundar Íslenskra fjölmiðla hafa lýst áhyggjum yfir sviðsettu lýðræði í Rússlandi og sagt Rússneskar forsetaköslingar ólýðræðislegar vegna óhöfleggrar umfjöllunar fjölmiðla þar um sitjandi forseta og embættisverka hans í aðdraganda kosninganna, meðan öðrum frambjóðendum var gefinn litill kostur á að kynna sín stefnumál. Ég minni á göngu mína til ritstjóra Morgunblaðsins 7 maí 2004 er ég færði honum meira en mannhæðarhátt spjald þakið úrklippum blaðsins tugi síðna um störf og baráttumál sitjandi forseta og í hinni hendi agnarlitla grein nánast á stærð við gott frimerki sem var frétt Morgunblaðsins um mitt framboð til Forseta Íslands. Óhjákvæmilega minnir þetta á það "Rússneskt lýðræði", sem Morgunblaðinu og ýmsum öðrum fjölmiðlum var svo tíðrætt um.

Vinsamlegast látið mig vita sem allra fyrst til hvaða aðgerðir Lögreglustjórnin í Reykjavík, Dómsmálaráðuneytið og stjórnvöld munu grípa vegna þessa máls. Komi til þess að stjórnvöld auglýsi eða boði til forsetaköslinga á þessu ári án þess að tekið sé á þeirri mismunum sem átti sér stað árið 2004, má búast við málshöfðun gegn þeim opinberu starfsmönnum sem leggja aðförinni gegn lýðræðinu lið auk þess sem leitad verður aðstoðar erlendra fjölmiðla og samtaka við að vekja athygli á málinu. Eg vona að ekki þurfi að koma til slíkra aðgerða, enda yrði slíkt alvarleg hneisa fyrir Lýðveldið Ísland og stjórnvöld landsins á alþjóða vettvangi.

Virðingarfyllt,
Ástþór Magnússon

www.forsetakosningar.is

Háprýsti- þvottataeki

Úrvals háprýstitaeki á góðu verði.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

TIL HAMINGJU BOLVÍK- INGAR!

Allir vita að þið eruð ástfangnasta fólk landsins, en eruð þið líka heppnust? 114 Bolvíkingar fengu vinning í Hapdrætti Háskólans í fyrra.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

Frönsk kvikmyndahátíð

OPNUNARMYND
PERSEPOLIS

11. - 24. JANÚAR
HÁSKÓLABÍÓ



11 SÉRVALDAR
OG SPLUNKUNYJAR
GÆÐAMYNDIR

græna ljósið
www.graenajosid.is
www.af.is

BYL
VAR GUDMUNDS
alla virka daga kl. 9

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

STUÐ MILLI STRÍÐA Andabæjar-útsölu

FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER HLUTI AF NEYSLUSPRENGJU



Um leið og þrett-ándinn söng sitt síðasta hófst þjóðin handa við að taka niður allt glingrið sem komið hafði verið svo haganlega fyrir í tilefni komu hátíðar ljóss og friðar. Jólátréð er háttað og hent út á svalir enda barnnalarnar ekki lengur jólalegar heldur bara drasl sem á betur heima í ryksugupokanum. Jólakúlum, jólasveinum og öðru slíku skrauti er pakk-að ofan í pappakassa og flutt niður í geymslu.

Neyslusprengjan, sem þetta árið var sérstaklega vel úttröðin

af dínami, sprakk með glæsi-brag á aðfangadag. Og um leið og gjafapappírinn þeyttist í allar áttir þökkuðu höfuð fjölskyldunnar fyrir að jólin kæmu nú bara einu sinni ári. En Kaffeinn Kapital hlustar ekki á slíkar óskir heldur krefst þess að fá sitt og vill lýðinn til liðs við sig. Og á þeirri sömu stundu og síðasta jólagagið glymur tekur við nýr söngur; hinn taktfasti rokkslagari útsöluinn. Á hverri einustu mínútu blasir við almúganum gylliboð um hitt og þetta á einstöku tilboðsverði.

En íslenska þjóðin ætti ekki að vera að barma sér yfir útsölu eftir jól – hún er ekki ein í neysluggöngunni. Því í sjálfum Andabæ

neyddust íbúarnir til að glíma við kaupæðið sem reið yfir þá, svona skömmu eftir að síðasta munnbitanum af reyktu kjötinu hafði verið skolað niður með jólaölinu.

Sá mikli snillingur, Andrés Önd, þóttist nú hafa ráð undir rífi hverju og hvatti aðra íbúa til að sniðganga jólin í desember enda væri þeim betur komið fyrir í janúar. Þá væri jú allt svo ódýrt, jólagjafirnar nánast á gjafverði. En buxnalausa öndin mátti síns lítils. Enda boðskapur jólanna fyrst og fremst sá að sælla er að gefa en þiggja. Og svo má náttúrlega ekki gleyma því að það er miklu lengra á milli útsalna og jólanna en jóla og útsalnanna.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





LAURENT KORCIA Fiðlusnillingur sem leikur í Salnum annað kvöld.

Snillingar í Salnum

Hinn heimskunni franskri fiðluleikari Laurent Korcia heldur tónleika í Tíbrá, tónleikaröð Salarins, annað kvöld kl. 20. Með honum kemur fram Christian Ihle Hadland, ungur en margverðlaunaður norskur píanóleikari.

Helga Þóra Björgvinsdóttir fiðluleikari varð þeirrar ánægju aðnjótandi að fara á námskeið hjá Laurent Korcia í frönsku borginni Nice síðastliðið sumar. „Það var alveg ótrúleg reynsla enda er hann magnaður fiðluleikari. Ég lærði mikið á námskeiðinu; hann veitti mér tilsögn en það sem mér þótti mest til koma var að heyra hann leika. Hann leikur á Stradivarius-fiðlu og hefur stóran og þykkán tón, hefur fullkomið vald yfir hljóðfærinu og nýtur þess að spila góða tónlist. Hann nálgast tónlist á mjög sannfærandi og fallegan hátt, þar að auki er hann mikill og skemmtilegur karakter og það var gaman að kynna honum og hvernig hann nálgast hljóðfærið og tónlistina. Ég var í það minnsta afskaplega innblásin eftir námskeiði.“

Helga Þóra býr í París og er þar í tónlistarnámi. Hún segir Korcia

njóta mikilla vinsælda og virðingar í heimi klassískrar tónlistar í Frakklandi. „Hann er stjarna í frönsku tónlistarlífi. Maður fer vart inn í klassískar tónlistarbúðir í París án þess að upptökur með leik hans blasi við manni á áberandi stað. Ég hef að auki séð hann leika á tónleikum í París og þar sér maður vel hvað hann leikur tónlistina af mikilli innlifun, þannig að það er ekki undarlegt að hann njóti vinsælda.“ Þess má til gamans geta að Korcia er tengdasonur leikarans geðþekka Gérard Dépardieu sem er Íslendingum að góðu kunnur úr kvikmyndum á borð við Maðurinn með járngrímuna og myndunum um Ástrík. Tengsl þessara listamanna hafa eflaust jákvæð áhrif á vinsældir þeirra beggja.

Á efnisskránni annað kvöld eru virtúósísk fiðlustykkir eftir mörg af helstu tónskáldum sögunnar, til að mynda Robert Schumann, Antonín Dvorák, Johannes Brahms, Béla Bartók, Claude Debussy og Maurice Ravel. Hadland lætur einnig ljós sitt skína og leikur einleiksverk eftir landa sinn, Grieg. Hér er því á ferð einstakt tækifæri fyrir tónlistarunnendur til að heyra þessa snillinga leika tónlist á íslenskri grundu.

Miðaverð á tónleikana er 2.000 kr. og miða má nálgast hjá Salnum í Kópavogi. vigdis@frettabladid.is

Í samstarfi við Vesturport

ÁST

11. janúar
19. janúar
25. janúar

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

TIL HAMINGJU ÍSFIRÐINGAR!

372 heppnir Ísfirðingar fengu vinning í Hapdrætti Háskólans í fyrra. Ætli Mick hafi ætlað að kaupa sér miða hérna um árið?
– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.



Gítarnámskeið

Hefst 21. janúar

12 vikur - 40 mínútna tímar - 1 sinni í viku

Einkatímar: kr. 47.000-

Geisladiskur með upptöku nemandar í lok námskeiðs.

Hóptímar fyrir 6-9 ára: kr. 35.000-

Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. www.itr.is

Öll stílbrigði!

Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna

Gítarkennsla er okkar fag!

Gítarskóli Íslands Síðumúla 29 Sími 581-1281

gitaraskoli@gitaraskoli.is

www.gitaraskoli.is



Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs

FLOKKUR	INNLAUSNARTÍMABIL	INNLAUSNARVERÐ*) Á KR. 10.000,-
1989 2.fl. A 10 ár	15.1.2008 til 14.1.2009	kr. 51.378

*) Innlausnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, og bönkum og sparissjóðum um land allt.

Reykjavík, 15. janúar 2008

SEÐLABANKI ÍSLANDS

TIL HAMINGJU VESTMANNAEYINGAR!

Á síðasta ári fengu 535 Vestmannaeyingar vinning í Hapdrætti Háskólans. Sumir halda Þjóðhátíð oft á ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.



> VISSIR PÚ?

Leikkonan Julia Roberts heitir fullu nafni Julia Fiona Roberts og gælunafn hennar er Jules. Hún ætlaði upphaflega að verða dýralæknir en lærði síðan blaðamennsku áður en hún sló í gegn á hvíta tjaldinu.



fólk
folk@frettabladid.is

Páll Óskar og Jógvan hönd í hönd

„Já, kannski ná þeir loks saman. En Páll Óskar elskar Jógvan eins og kom skýrt fram í X-factor þáttunum í fyrravor,“ segir Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands, og hlær.

Páll Óskar Hjalmtýsson og sigurvegari úr X-factor, færeyski folinn og stórsjarmörinn Jógvan, hafa nú bæst í glæsilegan hóp tónlistarmanna sem munu koma fram á árlegum styrktartónleikum Einars sem haldnir verða í Háskólabíói á sunnudag, 20. janúar. Einar segir þá koma hönd í hönd að þessu þakkláta verkefni eins og

JÓGVAN Lætur það ekki trufla sig hið minnsta þótt Páll Óskar hafi hvergi farið leynt með aðdáun sína á sér í X-factor.

allir þeir tónlistarmenn sem gefa vinnu sína. Virðist ekki standa á því þegar mikið liggur við.

Allur ágóði rennur óskiptur til Styrkarsfélags krabbameinssjúkra barna.

Vanalega eru tónleikarnir haldnir við lok hvers árs en vegna snarbrjálaðs veðurs þurfti að fresta tónleikunum sem fyrirhugaðir voru 30. desember 2007.

„Flestir sem ætluðu að koma fram hafa staðfest að þeir geti komið þótt dagsetningin hafi breyst. Ljóst mátti vera þegar þurfti að fresta tónleikunum að

einhverjar breytingar yrðu óumflýjanlegar. Enn hefur þó enginn afboðað heldur þvert á móti eins og sjá má við þessa fínu viðbót í hóp flytjenda,“ segir Einar.

Hann vill koma á framfæri þökkum til miðaeigenda, þakkar þeim umburðarlyndi og stuðning við gott málefni. Frá því Einar kom þessari hefð á hafa safnast 22 milljónir króna og er markmiðið að hækka þá upphæð í 24 milljónir. Fyrstu tónleikarnir voru haldnir árið 1998 og var þá Jóhannes Jónsson stórkaupmaður kynnrir. - jbg

PÁLL ÓSKAR Helsta stjarna dagsins í dag bæstist í glæsilegan hóp tónlistarmanna sem fram koma á styrktartónleikum Einars.



LED ZEPPELIN Fundur seinna í mánuðinum.

Zeppelin fundar

Rokkheimurinn bíður gapandi eftir fréttum af kommbakk-tónleikaferð Led Zeppelin sem þykir líkleg eftir að hljómsveitin spilaði í London í desember. Í nýlegu viðtali við Rolling Stone sagði bassaleikarinn John Paul Jones að hljómsveitin ætlaði að funda seinna í janúar. „Það gæti verið gaman að spila meira,“ sagði hann og hélt áfram og lýsti kommbakk-deginum 10. desember. „Ég sat og spilaði á banjó allan daginn. Það róar mig. Það eru alltaf svo rosalegar væntingar gerðar til okkar. Hvað okkur varðar var þetta þó bara spurning um að fara upp á svið og ljúka þessu af.“

Atonement og Sweeney bestar

Glamúrinn var víðs fjarri þegar Golden Globe-verðlaunin voru afhent á hálf tímalöngum blaðamannafundi í Hollywood. Atonement og Sweeney Todd voru kjörnar bestu myndirnar.

Vegna verkfalls handritshöfunda, sem hefur staðið yfir síðan 5. nóvember, var öllum hátíðarhöldum aflýst. Þess í stað voru nöfn sigurvegaranna lesin upp á blaðamannafundinum, þar sem engin stjarna lét sjá sig.

Depp verðlaunaður

Rómantíska myndin Atonement hlaut Golden Globe-verðlaunin sem besta dramamyndin og söngvamyndin Sweeney Todd eftir Tim

Burton var valin besta gaman- eða söngvamyndin. Stjarna síðarnefndu myndarinnar, Johnny Depp, fékk jafnframt verðlaun sem besti aðal-leikarinn í gaman- eða söngvamynd.

Margir óttast að fyrirkomulagið á Óskarsverðlaunum í næsta mánuði verði með svipuðum hætti og á Golden Globe. „Vonandi leysist úr deilunni áður en Óskarsverðlaunin verða haldin vegna þess að það yrði mikil synd ef örlög þeirra yrðu þau sömu,“ sagði Richard Zanuck, framleiðandi Sweeney Todd.

Julie og Daniel best

Daniel Day-Lewis var valinn besti leikarinn í dramahlutverki fyrir frammistöðu sína í There Will Be Blood. Julie Christie var kjörin besta leikkonan í dramamynd fyrir hlutverk sitt í Away From Her og hin franska Marion Cotillard, sem túlkaði Edith Piaf í myndinni La Vie



ATONEMENT Keira Knightley og James McAvoy fara með aðalhlutverkin í Atonement.

En Rose, fékk verðlaun sem besta leikkonan í gaman- eða söngvamynd.

Coen-bræður fengu verðlaun

Bræðurnir Joel og Ethan Coen voru verðlaunaðir fyrir handrit myndarinnar No Country for Old Men og

Spánverjinn Javier Bardem var valinn besti aukaleikarinn fyrir hlutverk sitt í myndinni. Cate Blanchett var jafnframt verðlaunuð fyrir aukahlutverk sitt í Bob Dylan-myndinni I'm Not There. „Ég vildi óska þess að ég hefði getað tekið á móti verðlaunum,“ sagði Blanchett.

FRAMÚRSKARANDI **SÖLUFULLTRÚAR**FRAMÚRSKARANDI **ÁRANGUR**

VELDU **FRAMÚRSKARANDI**
ÞJÓNUSTU FYRIR **ÞIG**
OG **ÞÍNA** FASTEIGN

RE/MAX
Ping

- ▶ Eignin þín fær athygli
- ▶ Þú færð persónulega þjónustu
- ▶ Við sýnum eignina fyrir þig
- ▶ Traust og örugg þjónusta

FRÍTT VERÐMAT
HRINGDU NÚNA!!!



Óli Gísli
Sölufulltrúi
oligisli@remax.is
822 8283



Hrönn
Sölufulltrúi
hronn@remax.is
692 3344



Bergrún Brá
Sölufulltrúi
bergrunbra@remax.is
698 7352



Garðar
Sölufulltrúi
gs@remax.is
893 0082



Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteignasali

Berrassaður á netinu Eignuðust sín fyrstu börn

Erótískum ljósmyndum með sænska teknóboltanum Basshunter, sem hélt þrenna tónleika á Íslandi fyrir rúmu ári, hefur verið lekið á netið. Á myndunum sést hann stunda bólfimi með hollenskri kærustu sinni, Emely, auk þess sem fleiri koma þar við sögu.

Basshunter, sem heitir réttu nafni Jonas Altberg, skammast sín ekkert fyrir myndirnar, sem voru teknar heima hjá foreldrum hans. „Það eina sem ég er ósáttur við er að það hefði mátt vinna myndirnar betur í photoshop. Ég hef mjög gaman af kynlífi. Mér finnst gaman að nota líkamann til að gera það sem ég var fæddur til að gera og ég er ekki þessi feimna týpa,“ sagði hann í viðtali við heimasíðuna Pop Justice. Tekur hann þó fram að hann hafi ekki sett myndirnar á netið.

Basshunter á vinsælasta lag Bretlands um þessar mundir, transslagarann Now You're Gone, og ætlar sér greinilega að njóta frægðarinnar út í ystu æsar.



BASSHUNTER Danstónlistarmaðurinn vinsæli skammast sín ekkert fyrir ljósmyndirnar.

Söngkonan Christina Aguilera og sjónvarpsstjarnan Nicole Richie eignuðust báðar sín fyrstu börn um helgina. Aguilera, sem er 27 ára, eignaðist heilbrigða dóttur ásamt eiginmanni sínum, Jordan Bratman. „Þetta var mjög ánægjulegur og sérstakur dagur fyrir mig og Jordan,“ sagði söngkonan á heimasíðu sinni.

Aguilera, sem uppgötvaði óléttu sína á tónleikaferð sinni á síðasta ári, ætlar ekki að fresta tónlistarferlinum vegna barnsins heldur að reyna að samræma hann móðurhlutverkinu.

Nicole Richie, sem er **NICOLE RICHIE** Nicole og rokkarinn Joel Madden eru yfir sig ánægð með dótturina.

þekkt úr raunveruleikabáttunum The Simple Life, eignaðist dóttur með rokkaranum Joel Madden úr hljómsveitinni Good Charlotte. Hefur hún verið nefnd Harlow Winter Kate Madden. „Við erum mjög ánægð með að hún sé bæði heilbrigð og falleg,“ sagði Madden eftir að nýi fjölskyldumeðlimurinn kom í heiminn.



Richie, sem er 26 ára, viðurkenndi að hún væri ólétt í ágúst á sama tíma og hún átti yfir höfði sér fangelsisdóm fyrir ölvunarakstur. Hún var skömmu síðar dæmd í fjögurra daga fangelsi en afplánaði aðeins 82 mínútur áður en henni var sleppt.



AGUILERA Christina Aguilera eignaðist son með eiginmanni sínum, Jordan Bratman.



RYAN GOSLING Courtney Love vill að Gosling leiki Kurt Cobain í nýrri kvikmynd.

Vill Gosling sem Cobain

Courtney Love, ekkja Kurts Cobain, vill að Ryan Gosling, sem sló í gegn í The Notebook, leiki rokkarann í kvikmyndinni Heavier Than Heaven. Love, sem er aðstoðarframleiðandi myndarinnar, hefur einnig beðið Scarlett Johansson um að leika hana sjálfa.

„Það var orðrómur uppi um að Kirsten Dunst yrði með en Courtney hefur mikið dálæti á Scarlett og hefur þegar sent henni samningstilboð,“ sagði heimildarmaður. „Hún vill að bestu leikararnir leiki þau. Hún verður á tókustað allan tímann og vill gefa Scarlett og Ryan ráðleggingar um hvernig þau eigi að leika alræmdasta par roksögunnar síðan Sid og Nancy voru og hétu.“



RICKY GERVAIS Höfundur The Office og Extras er að skrifa handritið að nýrri kvikmynd.

Undirbúa kvikmynd

Breski grínistinn Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfundar sjónvarpsþáttanna The Office og Extras, eru byrjaðir að skrifa handritið að sinni fyrstu kvikmynd.

Myndin mun gerast á Englandi en Gervais þykir ekki tímabært að segja frá söguþræði hennar. Einnig stendur til að búa til þriðju útgáfuna af The Office fyrir suður-amerískan markað. Þættirnir Extras fengu Golden Globe-verðlaunin fyrir skömmu en í flokknum besta gamanleikarinn beið Gervais lægri hlut fyrir David Duchovny úr Californiation.

Þvílíkt forskot !



ég stofnaði reynsluáskrift á ordabok.is ...
þvílíkur vefur ! þvílíkt forskot !

ps.: ég er hætt að nota gömlu orðabókina hans pabba

Gissur rifbeinsbrotinn og Sigmundur Ernir í björtu báli

Jeppaklúbburinn NFS lagði land undir fót um helgina og lenti í margvíslegum ævintýrum. Þrátt fyrir nokkur skakkaföll er mikil ánægja ríkjandi með ferðina.



SJÓNVARPSSTJÖRNUR Í HÁSKA Gissur og Sigmundur Ernir lentu báðir í hremmingum í annars bráðskemmtilegri jeppaferð NFS.

„Rosalega gaman. 34 fullorðnir og börn á 14 jeppum,“ segir Lára Ómarsdóttir upplýsingafulltrúi jeppaklúbbsins NFS (Nú Ferðumst við saman) – jeppaklúbbur sjónvarpsmanna á Stöð 2. Eitthvað hefur gengið á því Lára er svo háls að vart má skilja orð af því sem hún segir. „Já, nei, það er aldrei of gaman,“ segir Lára sem er rúmliggjandi með hálsbólgu.

Klúbburinn góði lagði land undir fót um helgina og var ætlunin að fara í Landmannalaugar. Þangað komust leiðangursmenn ekki vegna mikilla snjóalaga og svellbunka. Fóru margir lítrar af olíu við dekkjaspól í tilraun til að komast þangað upp eftir og hlaut formaður klúbbsins, Sigurður Þ. Ragnarsson betur þekktur sem Siggí stormur nýtt viðurnefni: Siggí sífestir. „Þetta er þegar maður er á oddinum og dregur vagninn,“ segir Siggí sem fór fyrir sínum mönnum. Fyrstur í skafllana. „Það voru níu sem festust þannig að þetta fór fram úr mínum björtustu vonum. Enda engin almennileg jeppaferð nema menn festi sig.“

Reyndar er uppi bullandi ágreiningur innan klúbbsins um ástæður þess að Siggí festi sig svo mjög. Lára er ekki á þeim buxum að taka undir með formanni sínum: „Ástæðan fyrir því að Siggí festi sig er sú að hann kann ekki að keyra. Billinn sem hann var á kostar 7 milljónir. Minn ekkert. Þabbi fékk hann gefins. Toyota-drusla. En ég fer lengra en Siggí.“

Kátir klúbbmeðlimir létu þetta

með að komast ekki upp í Landmannalaugar sem sagt ekki á sig fá nema síður væri og var gíst í Hólaskógi, skála miklum sem er ofan við Búrfell.

Fjórta nýir meðlimir voru teknir í klúbbinn, þeirra á meðal Þórir Guðmundsson og Kristján Már Unnarsson. „Kristján var reyndar með einhverjar meiningar um að hann vildi ekki ganga í klúbbinn en við tókum hann samt inn í sérstakri vígsluhátíð, vissum að þetta var bara bull í manninum og ekki var hægt að senda hann í bæinn eða hafa í útihúsinu. Það var of kalt til þess,“ segir talsmaðurinn en ekki var um annað að ræða en að einungis skráðir félagar væru hýstir í skálanum.

Lára segir að ferðin hafi í alla staði verið ljómandi þó skakkaföll hafi verið nokkur. Þannig dattu margir illa á svellbunkum við

skálann, þeirra á meðal Gissur Sigurðsson, fréttahaukurinn snjalli, sem rifbeinsbraut sig. En lét það þó ekki á sig fá og mætti keikur til vinnu að mánudagsmorgni eins og aðdáendur hans á Bylgjunni gátu heyrt. Og Sigmundur Ernir Rúnarsson var heppinn að sleppa heill.

„Já,“ segir Gissur. „Hann stóð þarna nálægt bálkesti miklum sem hlaðinn var. Í nýjum og fínum stormgalla sem ekki reyndist betur en svo að Simmi uppgötvar sér til skelfingar að byrjar að skreppa saman við hitann. Hann stóð þarna skyndilega sem á korseletti væri.“

Lára bætir því við að það hafi verið farið að loga í Sigmundi og þurfti að slökkva í honum. „Brennan var rosalega flott, stór og mikil.“

jakob@frettabladid.is

Bullandi snilld

Teiknimyndin Persepolis er í raun nokkrar myndir í einu. Sú fyrsta fjallar um hvernig það er að vera barn í Íran fyrir byltingu, þar sem stjórnvaldaástandið lekur inn í leiki barnanna. Kostur teiknimyndarformsins er hvað það býður upp á að færa allt nálægt áhorfandanum, í stað þess að framandi umhverfið sé stöðugt að flækjast fyrir. Líf miðstéttarfélagskyldu Satrapi er afar líkt okkar eigin, og því finnur maður svo átakanlega til með þeim þegar fyrst byltingin og síðan stríðið skellur á. Ekki er tekin bein afstaða með eða á móti neinu þjóðfélagsskipulagi, eins og myndin sjálf eru þau flest mismunandi grátóna fremur en svört eða hvít. Frændi hennar berst gegn valdniðslu keisarastjórnarinnar, og í kjölfar byltingarinnar kviknar vonin. En brátt verður allt helmingi verra þegar klerkarnir taka við og Írakar gera innrás. Stríðið geisar í bakgrunninum, og birtist okkur í loftárásum og tilraunum stjórnarinnar við að skrá börn í herinn.

Næsti hluti er líklega sá skemmtilegasti, og fjallar um líf Satrapi sem unglingsstúlku í Vín, þar sem hún skyndilega þykir áhugaverð fyrir að hafa alist upp í

stríðsástandi. Þegar hér er komið við sögu höfum við þó fylgt henni svo náð eftir að við skynjum hennar ástand sem venjulegt en friðinn sem óvenjulegan. Unglingsárum stúlku, með stöðugar áhyggjur af útliti og tilraunir til að eignast kærasta, hefur sjaldan verið lýst á betri hátt. Við það bætast svo tilraunir hennar til að skilja þýskumælandi menningu, sem birtist henni í Derrick og Týrólasöng.

Síðasti hlutinn gerist svo aftur í Íran, þar sem unglingar reyna að skemmta sér undir vökulu auga klerkana, og það að hlusta á rokk-tónlist eða sjást í partí með strákum getur haft skelfilegar afleiðingar í för með sér. Það er einmitt hér sem rokk-tónlist táknar enn uppreisn, meðan á sama tíma á Vesturlöndum er hún hætt að tákna nokkuð annað en neyslu.

Persepolis er stórskemmtileg þroskasaga ungrar stúlku. En hún er einnig mjög merkileg innsýn í heimshluta sem er stöðugt í fréttum, en við vitum þó lítið um. Hugsanlegt er að það væri friðvænlegra í heiminum í dag ef það væru fleiri myndir eins og Persepolis, til móts við allar þær ótal myndir um daglegt líf Bandaríkjamanna



KVIKMYNDIR

Persepolis

Leikstjórar: Vincent Paronnaud og Marjane Satrapi. Sínd á franskri kvikmyndahátíð í Háskólabíói.

★★★★★

Bæði frábær skemmtun fyrir áhorfendur og upplýsandi fyrir ástandið í heiminum.

sem stöðugt er haldið að okkur. Persepolis tekst því að skemmta áhorfendum, jafnframt því sem hún hefur ýmislegt að segja um heimsástandið. Og hvað er hægt að biðja um meira en það af einni kvikmynd?

Valur Gunnarsson

NÝTT Í BÍÓ!

EFTIR MAGNADRI SÖGU STEPHEN KING
ÓTTINN BREYTIR ÖLLU!
LÚXUS 16

FRÁ FRANK DARABONT, HANDRITSHÖFUNDI OG LEIKSTJÓRA "THE GREEN MILE" OG "THE SHAWSHANK REDEMPTION"

MISTRÍÐ
THE MIST

NÝTT Í BÍÓ!

LUST VARGUR græna ljósið

FRÁ ÖSKARS VERÐLAUÐSNAFANUM ANG LEE
LEIKSTJÓRA BROKESBICK MORGSTAN OG CRUCIUNG TIGER, HEDDAN DRAGAN

LUST & CAUTION

NANNY

IT'S NOT THERE

HITMAN

DUGGHOLLFÓLKID

RUN FAT BOY RUN

Frönsk kvikmyndahátíð 11.-24. janúar í Háskólabíói

PERSEPOLIS

LOFABU MÉR

PROMETS-GRAO

ALVIN & IKORNARNIR

LIONS FOR LAMBS

THE GOLDEN COMPASS

ALVIN & IKORNARNIR

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN SÍMI 551 9000
THE MIST kl. 5:20 - 8 - 10:40 16	LUST CAUTION kl. 6 - 9 16
THE MIST LÚXUS kl. 5:20 - 8 - 10:40	IT'S NOT THERE kl. 6 - 9 0textuð 12
THE NANNY DIARIES kl. 5:40 - 8 - 10:20	WE OWN THE NIGHT kl. 5:30 - 8 - 10:30 16
THE GOLDEN COMPASS kl. 5:30 - 8 - 10:30 10	RUN FAT BOY RUN kl. 5:30 - 8 - 10:10 16
ALVIN & IKORNARNIR kl. 4 - 6 ISL. ENSK TAL.	
ALVIN & IKORNARNIR kl. 8 ENSK TAL.	
HITMAN kl. 10 16	LIONS FOR LAMBS kl. 8 - 10 12
DUGGHOLLFÓLKID kl. 3:45 7	THE GOLDEN COMPASS kl. 6 - 8
	ALVIN & IKORNARNIR kl. 6 ISL. TAL. 10

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR

VONBRIGDI kl. 6 MOLIÈRE kl. 10 LÖGMÁÐUR HRYÐJUVERKANNA kl. 8

PERSEPOLIS kl. 6 LOFABU MÉR kl. 10 TVEIR DAGAR Í PARÍS kl. 8

SÍÐASTI GEDSJÚKLINGURINN kl. 6

DEATH AT A FUNERAL

SAMBIO.is SAMBIOIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

„FOUR WEDDINGS AND A FUNERAL“

DEATH AT A FUNERAL

NATIONAL TREASURE: BOOK OF SECRETS

ALFABAKKA

KEFLAVÍK

NAT. TREASURE 2 kl. 5:30D - 8D - 10:30D 12	NATIONAL TREASURE 2 kl. 8 - 10:30 12
NAT. TREASURE 2 kl. 5:30 - 8 - 10:30 VIP	RUN, FAT BOY, RUN kl. 8 L
DEATH AT A FUNERAL kl. 6 - 8 - 10:10 7	BUTTERFLY ON A WHEEL kl. 10 16
I AM LEGEND DIGITAL kl. 6 - 8:20 - 10:30 14	NATIONAL TREASURE 2 kl. 8 - 10:20 12
TÖFRAPRINSESSAN ISL. TAL. kl. 5:30 L	ENCHANTED M/ - ENSK TAL. kl. 8 L
ENCHANTED M/ - ENSK TAL. kl. 8 - 10:20 L	I AM LEGEND kl. 10:20 16
BÝFLUGUMYNDIN M/ - ISL. TAL. kl. 5:30 L	
SIDNEY WHITE kl. 8 L	
AMERICAN GANGSTER kl. 10:30 16	

KRINGLUNNI	SELFOSS
DEATH AT A FUNERAL kl. 6 - 8 - 10 7	NAT. TREASURE 2 kl. 8 - 10:30 12
NAT. TREASURE 2 kl. 8D - 10:30D 12	THE GOLDEN COMPASS kl. 8 10
I AM LEGEND kl. 8 - 10 14	SAW IV kl. 10:20 16
TÖFRAPRINSESSAN M/ - ISL. TAL. kl. 5:50D L	
BEOWULF Síðustu sýningar kl. 5:50(30) 12	

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

EFTIR MAGNADRI SÖGU STEPHEN KING
ÓTTINN BREYTIR ÖLLU!
LÚXUS 16

FRÁ FRANK DARABONT, HANDRITSHÖFUNDI OG LEIKSTJÓRA "THE GREEN MILE" OG "THE SHAWSHANK REDEMPTION"

MISTRÍÐ
THE MIST

THE GOLDEN COMPASS

RUN FATBOY RUN

ALVIN & IKORNARNIR - ISL. TAL. kl. 6 L

TIL HAMINGJU BÚÐÐÆLINGAR!

Er ég kem heim í Búðardal bíður mín brúðarval, en 44 annarra íbúa Búðardals beið líka vinningur í Happprætti Háskólans á síðasta ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.



Skeljungur er 80 ára.

Höldum upp á það. Komdu. Fáðu þér eitthvað gott.




30%
afmælisafsláttur
af smurþjónustu
Laugav. og
Skógarhlíð

30%
afmælisafsláttur
af öllum
Shell olíum

Afmælistilboð
á vetrarþvotti
kr. **499.-**
í Smáranum og á
Vesturlandsv.

Afmælistilboð
á lúxus-
vetrarþvotti
kr. **999.-**
í Smáranum

Vörumerki Shell eru notað af Skeljungu með leyfi Shell Brands International AG



Made to move



Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið



pitstop

DEKKJA- OG SMURPJÓNUSTA OPNUNARTILBOÐ



VIÐ HÖFUM OPNAÐ PITSTOP RAUÐHELLU

SÉRHÆFD ÞJÓNUSTUSTÖÐ FYRIR ATVINNUBÍLA AF ÖLLUM STÆRÐUM

- Sérhönnuð þjónustustöð fyrir stór ökutæki
- Aðstaða til þjónustu við allar stærðir bíla
- Allar þjónustulínur með gegnumakstri
- Öll tæki ný og af fullkomnustu gerð
- Dekkjaþjónusta
- Smurþjónusta
- Ný dekk í öllum verðflokkum meðal annars frá Michelin, Hanksugi og Taurus og sóluð dekk meðal annars frá Vulkan



NÝTT ÞJÓNUSTUBÍLL PITSTOP

Vanti þig aðstoð úti á götu, við heimili þitt eða vinnustað vegna þess að dekk er loftlaust eða sprungið, hafðu þá samband og við mætum á staðinn á fullbúnum þjónustubíl Pitstop og björgum málunum. Bíllinn er einnig búinn tækjum til að ná röngu eldsneyti af bílum og til ýmissa annarra skyndilausna.

HRINGDU OG VIÐ MÆTUM!

Síminn er:
568 2035 og 898 3031



MICHELIN

BFGoodrich

TAURUS

Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi



HELIX

Við notum Shell Helix smurliur



pitstop

Dugguvogi 10
Sími: 568 2020



pitstop

Skeifunni 5
Sími: 568 2025



pitstop

Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121



pitstop

Rauðhelli 11 Hfj.
Sími: 568 2035

Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Kompás

Rússland er á ný rísandi veldi. Pútín forseti notar olíuþeningana til að styrkja herinn, meðal annars til að senda herskip og flugvélar á gamlar slóðir. Á sama tíma vilja Rússar fá að taka fullan þátt í alþjóðlegu viðskiptakerfi. Þeir vilja meðal annars selja Íslendingum þylur, en þykjast mæta undarlegum mótþróa. Rússneskar flugvélar hafa margoft flogið inn í íslenska lofthelgi á síðustu mánuðum. Er nýtt kalt stríð í uppsinglu í íslenski lofthelgi?



VIÐ MÆLUM MED

Merkin skipta máli Sjónvarpið kl. 21.00

Sænsk heimildamynd um fólk sem lifir og hrærist í heimi vörumerkjanna og aðferðirnar sem fyrirtæki beita til að styrkja vörumerki sín. Í myndinni er athugað hvernig ólík fyrirtæki byggja upp vörumerki sín og reyna að festa þau í sessi. Nú þarf nýjar aðferðir til að ná til ungu kynslóðarinnar sem hefðbundnar auglýsingar höfða ekki til lengur. Í samkeppninni dugir ekki lengur að hafa sem hæst og fá frægt fólk til að auglýsa vöruna, heldur hvísla menn heldur og beita úthugsaðri aðferðum. Skyggst er bak við tjöldin hjá fyrirtækjum sem fara nýjar leiðir í auglýsingum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.15 Heima er best
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Stef
- 15.03 Útlarpssagan: Stúlka með fingur
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Hundur í útlarpssal
- 21.00 „Þá uxu blóm í öllu sem mig dreymdi“
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.18 Fimm fjórðu
- 00.07 Útlarp á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

4 SÍRKUS

- 16.00 Hollyoaks (101:260)
- 16.30 Hollyoaks (102:260)
- 17.00 The George Lopez Show (7:18)
- 17.30 Johnny Zero (11:13)
- 18.15 Lovespring International (3:13)
- 18.35 Big Day (3:13)
- 19.00 Hollyoaks (101:260)
- 19.30 Hollyoaks (102:260)
- 20.00 The George Lopez Show (7:18) (e)
- 20.30 Johnny Zero (11:13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
- 21.15 Lovespring International (3:13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótþjónustu.
- 21.35 Big Day (3:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hlíðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
- 22.00 Side Order of Life (11:13) (Líf í hjáverkum) Side Order of Life fjallar um Jenny sem er á þrítugsaldri. Hún vaknar upp við þann vonda draum að hafa aldrei látið verða að því að lífa lífinu til fulls. En þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf. 2007.
- 22.45 Special Unit 2 (3:19) (SU2) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af.
- 23.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

- 20.00 Hrafnaþing Fiskveiðipólitíkin verður í brennidepli og meðal gesta Arthur Bogason leiðtogi trillukarla,sem lögðu ríkisstjórnina á vettvangi Sp 12-6. Skoðum hvort Einar K á heimangengt úr þinginu.
- 21.00 Hvernig er heilsan? Guðjón Bergmann ætlar í vetur með aðstoð sérfræðinga að leiða okkur í einhvern sannleika um hvernig við getum passað heilsuna.
- 21.30 Kristinn H. Gunnarsson og Lúðvík Kaaber brjóta Mannréttindanefndarúrskurðinn til mergia.

DR 1

- 12.00 Aftenshowet 2. del 12.30 Dødens detektivter 12.55 Søren Ryge - Manden og grnen 13.20 DR Explorer i Australien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med Vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 SPAM 15.30 Robotboy 15.45 Max 16.15 Den lille Julemand 16.30 Jul i Svinget 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Hammerslag 19.30 Rig ved et tilfælde 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Babyrøven 22.25 Alt på ét bræt 23.15 SPAM

NRK 1

- 14.30 Ghost Trackers 15.00 Absalons hemmelighet 15.25 Erstatte 15.50 Frosk til middag 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Veterinær på safari 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Barnas superjul 17.30 Kåjakaj og BenteBent 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen 18.55 På cruise med kongeskipet Dannebrog 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Standpunkt 21.15 Extra-trekning 21.30 Safari 22.00 Kveldsnytt

SVT 1

- 11.00 Rapport 11.05 Argument 12.45 Hon dansade en sommar 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Extra 16.30 Krokmax 17.00 Bollbompa 17.10 Småkryp 17.20 Tippe 17.30 Julkalendern: En riktig jul 17.45 Philofix 18.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 18.05 Grand Prix 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Mitt i naturen 20.00 Plus 20.30 Toppform 21.00 Hart's War 23.00 Rapport



GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ OG LÁTTU LÍÐA ÚR ÞÉR
FYRSTA FLOKKS UPPLIFUN Á
FRÁBÆRU VERÐI



EINSTAKT TILBOÐ

GISTING Í TVÍBÝLI OG
3 RÉTTA KVÖLDVERÐUR
6.900 KR. Á MANN

Tilboðið gildir miðvikudaga til laugardaga á tímabilinu 16. janúar til 16. febrúar.

Breiðumörk 1.C | 810 Hveragerði | www.hotel-ork.is | info@hotel-ork.is | tel: +354 483 4700



WHITE SNAKE



2BC KYNNA MEÐ STOLTI Í
SAMSTARFI VIÐ TUBORG
WHITESNAKE
Í LAUGARDALSHÖLL 10. JÚNÍ

FORSALA MIÐA HEFST FÖSTUDAGINN
18. JANÚAR KL. 10:00 Á MIDI.IS
& Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR
& BT ÚTI Á LANDI!

2BC
23 COMPANY

ÞAÐ ER 2BC SEM FÆRIR ÞÉR ROKKSUMARIÐ 2008!

TUBORG
LOUD & CLEAR



BAKPANKAR

Karenar D.
Kjartansdóttir


Raunir Britneyjar

Í gamla daga, áður en tilveran varð þægileg og hlutirnir að mestu einnota, þótti fínt að fara í ægilega langa ástarsorg. Helst átti hún að endast fólki ævina og á dánarbeiði átti fólk svo að minnst unglingsástarinnar, sem aldrei varð. Þetta þótti mér ákaflega fallegt fyrirbæri þegar ég var barn og skildi vel hvers vegna fólk hafði rífið Raunir Werthers unga úr verslunum, hvers vegna Jónas Hallgrímsson hafði orðið drykkjumaður og hvers vegna ekkert hafði blessast í lífi Skáld-Rósu. Í þá daga velti ég því einnig fyrir mér hvers vegna samtímaskáldin ortu ekki á jafn rómantískum nótum og meistaraforðarinnar.

Á þeim árum var ég einnig innilega skotin í rauðhærðum bekkjarbróður mínum. Ég sá fyrir mér að minning mín um hann yrði sem rauður þráður í skrifum mínum síðar á lífsleiðinni, þegar ég væri orðin fræg og sérvitur skáldkona. Framtíðarsýn mín um ódauðlega ást í garð rauðhaussins gekk ekki eftir. Hann er að vísu einn af „vinum“ mínum á Facebook-síðunni minni en lengra nær það ekki. Kannski væri minning mín um hann merkilegri ef þetta hefði verið ást í meinum, sem einmitt var algengt minni í rómantískum bókmenntum fortíðarinnar. Nú, eða ef ég hefði hann ekki daglega fyrir augunum á Facebook.

ÞAÐ er erfitt að fyllast ódauðlegum söknuði vegna manns sem starfar í veitingabransanum eða einhverju álíka hversdagslegu. Þá er betra að lifa í óvissunni um örlög fólks. Kannski hann hafi orðið ljóðskáld, fundið upp stóðtæki sem hjálpar einfættum börnum eða grafi áveitur einhvers staðar í Afríku?

REYNDAR sýnist mér að Britney stalla mín Spears sé að blása glæðum í síðrómantík samtímans. Hún vakti strax vonir hjá mér eftir að hafa greint frá því að hún væri sannfærð um að meyjjar eins og hún ættu að bíða með kynlíf þar til þær hittu hinn eina rétta. Þetta fallega og gamaldags viðhorf snart mig svo að ég rifjaði upp gömul ástarljóð með tár á hvarmi. En eins og glöggir lesendur slúðurdálka hafa eflaust komist að stóð Britney ekki alveg undir væntingum mínum. Þó verðskuldar ekkert stjörnuhrap jafn mörg tár og hennar. Britney gæti sómað sér vel sem fallin kona í gotneskri skáldsögu; hún er konan sem aldrei hefur náð sér eftir að hún glataði fyrstu ástinni, Justin Timberlake. Og því er hún dæmd til að tærast upp með harmkvælum og í vesöld, hamstola af harmi. Margir segja í fávisku sinni að þessi fagri listamaður sé holdgervingur úrkynjunar samtímans en sannleikurinn er sá að það er Britney sem heldur uppi merkjum gamalla gilda samfélagsins.



GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn
15. janúar, 15. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.56	13.37	16.18
Akureyri	11.02	13.21	15.42

Heimild: Almanak Háskólans



Drifinn af öryggi

4MATIC fjórhjóladrifið frá Mercedes-Benz veitir einstakt veggrip við allar aðstæður. 4MATIC byggir á þeirri tækni að afl hvers hjóls er lagað að aðstæðum á veginum og fjöðrunin stillir sig eftir ójöfnum. Allt þetta gerist án þess að ökumaðurinn verði þess var og tryggir því áreynslulausan, öruggan og ánægjulegan akstur.

4MATIC fjórhjóladrifið er staðalbúnaður í GL-Class og ML-Class jeppunum, en fæst einnig í lúxusbílunum S-Class, E-Class og C-Class. 4MATIC hentar fullkomlega við íslenskar aðstæður.

Komdu, sjáðu og reynsluaktu Mercedes-Benz.

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Mercedes-Benz

